

01
2025

VR BLAÐIÐ

BLAÐSÍÐA 6

Fyrstu íbúðir VR
Blævar afhentar

BLAÐSÍÐA 8

Hækkanir á opinberum
gjaldskrá m bíta í

BLAÐSÍÐA 10

Kosningar til formanns
og stjórnar VR

BLAÐSÍÐA 28

Hvað eru
markaðslaun?



VR

FÉLAGSMÁL

- 3 LEIÐARI
- 4 FRÉTTIR
- 6 FYRSTU ÍBÚÐIR VR BLÆVAR AFHENTAR
- 9 ERTU NOKKUÐ AÐ GLEYMA ÞÉR?
- 30 ORLOFSHÚS VR AÐ SUMRI OG VETRI
- 31 AF VETTvangi LÍV
- 32 RÆKTUM VITIÐ
- 35 ÍSLENSKAN ER LYKILATRIÐI
- 36 TRÚNAÐARMAÐURINN
- 37 NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN VR
- 37 JAFNRÉTTI FYRIR ÖLL Á VINNUMARKAÐI
- 38 KROSSGÁTAN
- 39 SUDOKU ÞRAUT

KOSNINGAR

- 10 KOSIÐ TIL FORMANNS OG STJÓRNAR VR
- 11 LÖG VR – UM KOSNINGAR TIL FORYSTU
- 12 FRAMBJÓÐENDUR TIL FORMANNS KYNNA SIG
- 20 FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR KYNNA SIG
- 28 LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2025-2029

KJARAMÁL

- 7 UNGMENNI Á VINNUMARKAÐI
- 8 HÆKKANIR Á OPINBERUM GJALDSKRÁM BÍTA Í VESKI VR FÉLAGA
- 28 HVÆÐ ERU MARKAÐSLAUN?
- 34 VINNUR ÞÚ VIÐ VERSLUN EÐA ÞJÓNUSTU?



Forsíðumyndina tók Svenni Speight. Myndin er úr herferð VR til stuðnings erlendu félagsfólki, sjá nánar á bls. 37.

VR BLAÐIÐ

1. tbl. 47. árgangur mars 2025

Hús verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
vr.is

Ábyrgðarmaður

Stefán Sveinbjörnsson

Ritstjóri

Fjóla Helgadóttir

Ritstjórn

Aðalheiður Rán Þrastardóttir
Árdís Birgisdóttir
Fjóla Helgadóttir
Steinunn Böðvardsdóttir
Victor Karl Magnússon

Umbrot og útlit

Reynir Albert Þórólfsson

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur
Svenni Speight
Tomas Bolli Hafthorsson

Prentun

Prentmet Oddi

Upplag

13.682

Stjórn VR

Halla Gunnarsdóttir, formaður
Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður
Sigurður Sigfússon, ritari
Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Diljá Ámundadóttir Zoega
Harpa Sævarsdóttir
Jennifer Schröder
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin
Vala Ólöf Krisinsdóttir
Þórir Hilmarsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson



Prentgripur
1041 0818

VR blaðið er Svansvottaður prentgripur.



FJÖGUR FRAM TIL FORMANNS OG ÞITT ER VALIÐ

Þá er komið að kosningum í VR enn á ný en að þessu sinni hafa fjögur boðið sig fram til formanns og 16 til stjórnar. Kosningarnar standa yfir frá 6. mars til 13. mars næstkomandi. Það er gleðiefni að sjá hversu mörg hafa áhuga á því að stýra félaginu okkar og er það á okkar ábyrgð að kynna okkur frambjóðendur og kjósa þau sem við teljum að geti sinnt starfinu vel því aðeins þannig getum við haft áhrif á starf félagsins. Á síðasta aðalfundi VR voru samþykktar breytingar á lögum félagsins er varða kosningar til formanns og stjórnar. Kjörtímabil formanns, stjórnar og trúnaðar-ráðs var lengt úr tveimur árum í fjögur og kjörtímabil varamanna í stjórn lengt úr einu ári í tvö.

Frambjóðendur til formanns og stjórnar kynna sig á blaðsíðum 12 til 27 hér í blaðinu og hvet ég félagsfólk til að kynna sér vel alla frambjóðendur og taka þátt í kosningunum á vr.is.

Stærsta vinnumarkaðskönnun á Íslandi, Fyrirtæki ársins, stendur nú yfir og getur félagsfólk tekið þátt á Mínum síðum á vr.is. Könnuninni lýkur þann 14. mars næstkomandi og hvet ég félagsfólk til að láta skoðanir sínar á vinnustaðnum í ljós með þessu mikilvæga verkfæri sem við höfum til umráða. Heppnir þátttakendur í könnuninni geta unnið ýmsa glæsilega vinninga svo það er ekki eftir neinu að bíða en að skrá sig inn á Mínar síður á vr.is, taka þátt í könnuninni og freista gæfunnar í leiðinni.

Þegar unga fólk gerir sig líklegt til að streyma út á vinnumarkaðinn í byrjun sumars er ekki úr vegi að fara yfir nokkur atriði sem er vert að hafa í huga þegar sótt er um sumarstörf. Hvenær fara börn að greiða skatt af launum sínum? Hvernig á vinnutíma ungmenna að vera háttað? Og hvaða störfum mega ungmenni sinna? Svör við þessum mikilvægu spurningum og fleirum til má finna á bls. 7 hér í blaðinu.

Ewa Beczkowska kom hingað til lands árið 2007 frá Póllandi en hún útskrifaðist í desember síðastliðnum úr Verzlunarskóla Íslands úr Fagnámi verslunar og þjónustu. Ewa er aðstoðarverslunarstjóri í Nettó og fjallaði í lokaverkefni sínu um útlendinga og íslenska tungu. Rætt er við Ewu á bls. 35 hér í blaðinu.

Markaðslaun eru þau laun er samið er um milli starfskrafts og atvinnurekanda og fylgja ekki ákveðnum launatöflum. Fjallað er um markaðslaun, launaviðtalið og launaspá VR á blaðsíðu 28 hér í blaðinu.

Hér hefur aðeins verið tæpt á litlum hluta af efnistöfum þessa tölublaðs og ég vona að félagsfólk gefi sér tíma í dagsins önn til að glugga í blaðið og kynna sér þann fróðleik sem það hefur að geyma. [VR](#)

FJÓLA HELGADÓTTIR,
ritstjóri VR blaðsins.

FRAMBOÐSFUNDUR

Frambjóðendur til formanns og stjórnar VR kjörtímabilið 2025-2029 kynna sig á félagsfundi VR á Hótel Reykjavík Grand, 5. mars 2025 kl. 19:30. Fundurinn verður einnig rafrænn á Mínum síðum á vr.is, skráning á fjarfund er með rafrænum skilríkjum. Boðið er upp á túlkun á ensku.

Fjögur eru í framboði til formanns og 16 í framboði til stjórnar en alls verður kosið til sjö sæta í stjórn og þriggja í varastjórn. Ítarlegri upplýsingar um alla frambjóðendur hér í blaðinu.


Við hvetjum félagsfólk til að mæta á fundinn eða fylgjast með í fjarfundi.



NÝTTU ATKVÆÐISRÉTT ÞINN!

Allsherjaratkvæðagreiðsla til formanns og stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2025-2029 hefst fimmtudaginn 6. mars og lýkur á hádegi fimmtudaginn 13. mars. Kosningin er rafræn á vef VR. Innskráning er með rafrænum skilríkjum.

Við hvetjum félagsfólk til að kynna sér frambjóðendur hér í blaðinu eða á vefsíðu VR, vr.is, og nýta atkvæðisrétt sinn.



AÐALFUNDUR VR

Aðalfundur VR verður haldinn miðvikudaginn 26. mars 2025 kl. 19:30 í Háteig á Hótel Reykjavík Grand við Sigtún. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf og laga- og reglugerðarbreytingar.

Við hvetjum félagsfólk til að mæta.



ÞARFTU AÐSTOÐ VIÐ SKATTFRAMTALIÐ?

Félagsfólki VR býðst að nýta sér einstaklingsaðstoð sérfræðings KPMG við skattframtalið. Aðstoðin verður í boði 11. og 12. mars 2025. Hver tími er 15 mínútur.

Nánari upplýsingar má finna í viðburðadagatalinu á vr.is.






VR BÝÐUR FÉLAGSFÓLKI SÍNU STARFSÞRÓUNAR-RÁÐGJÖF

VR heldur áfram að bjóða félagsfólki sínu starfsþróunarráðgjöf eins og síðastliðinn vetur. Starfsþróunarráðgjöfin er í umsjón náms- og starfsráðgjafa hjá Mími símenntun. Viðtölin eru félagsfólki að kostnaðarlausu og fer skráning fram á Mínum síðum á vr.is. Viðtölin eru til þess fallin að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar.

Með starfsþróun er átt við mikilvægi þess að vaxa og þróast í starfi. Áherslan er ekki endilega á að skipta um starfsvettvang eða breyta verkefnum heldur fyrst og fremst að móta nýjar aðferðir við að sinna núverandi starfi og verkefnum í síbreytilegu umhverfi og kynna sér þær leiðir sem í boði eru.

Við hvetjum félagsfólk einnig til að kanna hvort verkfærin á Starfsþróunarsíðu VR á vr.is geti nýst í starfsþróunarvegferð þeirra sem stefna að og hafa áhuga á slíkri framþróun.



FYRIRLESTRAR FYRIR FÉLAGSFÓLK

VR býður upp á áhugaverða fyrirlestra fyrir félagsfólk sitt. Fyrirlestrarnir eru alfríð rafrænir og aðgengilegir á Mínum síðum á vr.is til lengri tíma. Eftirfarandi fyrirlestrar eru nú í boði:

HVERNIG VEIT ÉG HVORT EITTHVAÐ SÉ SATT EÐA ÓSATT?

Í þessum eftirtektarverða fyrirlestri fer Elsa Haraldsdóttir heimspekikennari yfir gagnleg atriði sem geta nýst við að leggja mat á upplýsingar sem miðlað er til okkar ásamt leiðir til að beita gagnrýninni hugsun á markvissan hátt.

GERUM LÍFIÐ LÉTTARA MEÐ GERVIGREIND OG SKAPANDI HUGSUN

Skemmtilegur og lifandi fyrirlestur með Birnu Dröfn Birgisdóttur sköpunargleðifræðingi um hvernig við getum öll notað skapandi hugsun og gervigreind til þess að gera lífið bæði auðveldara og skemmtilegra.

Skelltu þér inn á **Mínar síður** núna til að horfa!



Skannaðu kóðann til að fara á Mínar síður

ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ RÉTTAR UPPLÝSINGAR SKRÁÐAR HJÁ OKKUR?

Mikilvægt er að félagsfólk skrái réttar upplýsingar um starfsheiti og vinnutíma á Mínum síðum á vr.is

Upplýsingarnar eru nýttar í launarannsókn félagsins sem gefur félagsfólki mikilvæga innsýn í stöðu sína samanborið við aðra í sömu atvinnugrein.



FYRSTU ÍBÚÐIR VR BLÆVAR AFHENTAR

Fyrstu íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum íbúðafélagsins VR Blævar voru afhentar leigjendum við hátíðlega athöfn föstudaginn 17. janúar 2025.



Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, afhenti fyrstu íbúðina að Skyggnisbraut í Úlfarsárdal til Nadiu Tamimi, einstæðrar móður með tvö börn á unglingsaldri. Nadia Tamimi sagðist þakklát fyrir nýju íbúðina sem gæfi henni og börnunum nýtt líf. Hún væri að koma af almenna leigumarkaðnum þar sem leigan færi sífellt hækkanði en leiguverðið hefur hækkað um hátt í 200 þúsund krónur á mánuði hjá henni á undanförunum fjórum árum.

Ragnar Þór Ingólfsson, fyrrum formaður VR og alþingismaður, var viðstaddur afhendinguna en hann átti veigamikinn þátt í stofnun Blævar íbúðafélags. Ragnar Þór sagði sannan heiður að hafa fengið að leiða verkefnið. Verið væri að setja upp nýtt kerfi á Íslandi sem gæti bæði byggt og leigt og tryggt breiðari hópi aðgengi að öruggu og hagkvæmu húsnæði.

MARKMIÐ BLÆVAR

VR Blævar fékk lóð í Úlfarsárdal árið 2021 og samdi við Íslenska aðalverktaka um framkvæmdina. Fyrsta skóflustungan var tekin að tveimur fjölbýlishúsum í ágúst 2023. Framkvæmdir hafa gengið afar vel en stefnt var að því að ljúka úthlutun í febrúar.

Markmið VR Blævar er að stuðla að húsnæðisöryggi fyrir VR félag og fjölskyldur þeirra með því að bjóða upp á vandað húsnæði og hagkvæma langtímaleigu. Það er von VR að fleiri stéttarfélög láti til sín taka á þessu sviði undir formerkjum og hugmyndafræði Blævar enda ófremdarástand í húsnæðismálum í landinu, einkum á leigumarkaði.

VR óskar félagsfólki sínu og nýjum leigjendum innilega til hamingju með nýja húsnæðið. Félagið bindur vonir við að fyrstu íbúðir Blævar verði vísir að löngu og farsælu starfi íbúðafélagsins.

SAGA HÚSNÆÐISMÁLA HJÁ VR

Hugmyndina að stofnun leigufélags á vegum VR má rekja til umræðu innan stjórnar félagsins árið 2018. Kveikjan að þeirri umræðu var erfið staða á húsnæðismarkaði og veikur leigumarkaður þar sem framboð af leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði var af skornum skammti og er enn. Stjórn VR samþykkti að hefja undirbúning að stofnun leigufélags sem var gert undir formerkjum Blævar, systurfélags Bjargs íbúðafélags.

Íbúðir VR Blævar eru hins vegar ekki þær fyrstu sem VR byggir fyrir félagsfólk, en fyrri framkvæmdir voru eignaíbúðir. Árið 1946 var Byggingarsamvinnufélag VR stofnað og fékk úthlutað lóð 1947. Alls voru byggð fjögur hús með 14 íbúðum við Melhaga í Reykjavík.

Í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar fékk VR úthlutað lóð undir fjölbýlishúsi í Breiðholti. Flutt var inn í síðustu íbúðirnar fyrir árslok 1979. Og árið 1982 fékk VR lóð við Hvassaleiti en Reykjavíkurborg og VR stóðu saman að byggingu húsnæðis fyrir aldraða ásamt þjónusturými. Þetta var í fyrsta skipti sem stéttarfélag stóð fyrir byggingu íbúða fyrir aldraða félaga.

NÆSTU SKREF VR BLÆVAR

Með afhendingu íbúða í seinna fjölbýlishúsi VR Blævar í Úlfarsárdal verður fyrsta fasa þessa verkefnis lokið. Engar frekari framkvæmdir á vegum VR Blævar eru í gangi sem stendur en félagið hefur þó haft augun opin fyrir heppilegum byggingalóðum. Biðlistinn eftir íbúðum VR Blævar hleypur á hundruðum sem sýnir að eftirsurnin er mikil. [VR](#)

UNGMENNI Á VINNUMARKAÐI

Nú fara margir unglingar að huga því hvað skal gert í sumar, hversu mikið þau vilja vinna og hvar. Ekki er nóg að velta fyrir sér hvernig skal koma sér til vinnu og hvaða fjárhæð kemur í vasann heldur þarf m.a. að huga að því að segja vetrarstarfinu upp með tilskildum uppsagnarfresti og gæta þess að farið sé eftir þeim reglum sem við eiga um börn og ungmenni á Íslandi. Ýmsar reglur eiga við um störf ungmenna og eru þær mismunandi eftir því hvort um börn undir 15 ára er að ræða eða unglunga eldri en 15 ára en yngri en 18 ára. **Það sem þó er sameiginlegt með öllum ungmennum er að ekki má ráða þau í starf nema með leyfi þeirra forráðamanna.** Því er í raun óheimilt að ráða fólk yngra en 18 ára til starfa án þess að hafa leitað eftir samþykki forráðamanna þess. Farið verður yfir það hér hvaða reglur eiga sérstaklega við um vinnu ungmenna og hvað foreldrum ber að hafa í huga til leiðbeiningar börnum sínum þegar þau stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

HVAÐA STÖRFUM MEGA BÖRN OG UNGMENNI SINNA?

Börn undir 13 ára má ekki ráða til starfa en þau mega taka þátt í menningar- og listviðburðum og íþrótt- og auglýsingastarfsemi.

Börn sem eru enn í skyldunámi, það er börn sem eru 15 ára og yngri, mega einungis vinna létt störf sem geta ekki haft slæm áhrif á heilsu þeirra eða skólagöngu. Með léttum störfum er meðal annars átt við létt störf í verslunum, svo sem að verðmerkja vörur, flokka, pakka og raða. Þá er þeim heimilt að vinna við minni háttar hreingerningar, ýmiss konar garðvinnu, þó án hættulegra tækja, sem og létt skrifstofustörf. Þeim er óheimilt að vinna með hættuleg efni og flestar vélar.

Börn eldri en 15 ára en yngri en 18 ára mega vinna flóknari störf svo sem önnur verslunarstörf en talin voru hér að ofan sem og vinnu með garðsláttuvélar og lyftara sem ekki eru vélknúinir. Sama gildir þó um þau og yngri börn, þau mega ekki vinna með hættuleg efni og ýmsar vélar og einnig skal forðast að ungmenni lyfti þyngra byrði en 12 kg.

Ungmenni mega ekki vinna ein á vinnustað nema starfið sé ekki talið hættulegt og ef Vinnueftirlitið eða viðeigandi yfirvöld hafi veitt undanþágu.

Reglugerð um vinnu barna og unglinga, 4. gr.

„Við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skal við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.“

SKATTUR, LÍFEYRISSJÓÐUR OG STÉTTARFÉLAGSAÐILD

Börn undir 16 ára greiða 6% skatt af öllum tekjum umfram 180.000 kr. sem taldar eru fram á skattskýrslu foreldra. Í byrjun þess árs er börn verða 16 ára fá þau persónuafslátt.

Börn byrja að greiða í lífeyrissjóð 16 ára. Við 16 ára aldur ættu þau einnig að hefja greiðslu til viðeigandi stéttarfélags. Þó getur barn kosið að greiða til stéttarfélags áður en það nær 16 ára aldri. Kjósi það svo skal atvinnurekandi sjá til þess að félagsgjald sé dregið af launum þess og skila mótframlagi til þess félags sem hefur kjarasamning fyrir það starf sem barnið sinnir.

ATVINNUREKENDUR – ÖRYGGI UNGMENNA

Ábyrgð atvinnurekenda er mikil þegar ungmenni koma til starfa. Þeir verða að vanda móttöku barna, sérstaklega fyrstu vinnudagana, leiðbeina þeim vel og gæta þess að það starf sem þau sinna sé viðeigandi aldri þeirra ásamt því að farið sé að reglum, m.a. um vinnutíma. Atvinnurekandi skal einnig kynna ungmennum og foreldrum þeirra hvaða hættur geta fylgt starfinu og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði á vinnustaðnum. Samþykki foreldra til starfsins dugar þó ekki eitt og sér ef um hugsanlega hættulegt starf sé að ræða því fyrirtæki geta verið skaðabótaskyld feli þau ungmenni of hættulegt starf, þó foreldrar hafi gefið leyfi fyrir því að barnið sinni starfinu.

Ungmenni má ekki ráða í störf þar sem líkamleg eða andleg heilsa þeirra getur verið í hættu, nema þau vinni með fullorðnum einstaklingi. Á það sérstaklega við um störf í söluturnum, skyndibitastöðum, bensínstöðvum og svipuðum vinnustöðum. Þegar metið er hvort aðstæður á vinnustað séu öruggar þarf sérstaklega að skoða staðsetningu vinnustaðarins, innréttingar hans og þær öryggisráðstafanir sem eru til staðar. Þá skal einnig meta öryggi á vinnustaðnum út frá ungum aldri, skorti þeirra á reynslu og því að ungmennin eru ekki fullþroska. Atvinnurekandi getur leitað til Vinnueftirlitsins til umsagnar um öryggi á vinnustaðnum.

Séu forráðamenn óvissir um aðstæður barna sinna eða hafi spurningar hvað varðar t.d. ráðningu ungmenna sinna er þeim bent á að heyra í kjaramálasviði VR, eða það sem betra er, að leiðbeina ungmennunum og aðstoða þau við að hafa sjálf samband við okkur, til dæmis í gegnum vefspjall á vefsíðu VR, vr.is. Þannig fá þau oft betri skilning á aðstæðum á vinnumarkaði sem getur nýst þeim seinna meir. [VR](#)

Vinnutími barna og unglinga

	13 - 14 ára í skyldunámi	15 - 16 ára í skyldunámi	15 - 17 ára skyldunámi lokið
Á starfstíma skóla	2 klst. á skóladegi 12 klst. á viku	2 klst. á skóladegi 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	Kl. 20 - 06	Kl. 20 - 06	Kl. 22 - 06
Lágmarkshvöld	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku



HÆKKANIR Á OPINBERUM GJALDSKRÁM BÍTA Í VESKI VR FÉLAGA

Um áramót eru opinberar gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga uppfærðar og iðulega hækkaðar. Þessi gjöld snerta okkur flest og hafa áhrif á heimilisbókhaldið. Um er að ræða fasteignagjöld, sorphirðugjöld, leikskólagjöld, frístundagjöld, miðaverð í sund og strætó, kostnað við útgáfu ökuskirteina, vegabréfa og vottorða og margt fleira.

Í síðustu kjarasamningum samþykktu stjórnvöld að halda aftur af hækkanum á opinberum gjaldskrár og axla þar með ábyrgð á verðbólgunni að hluta, styðja við kaupmátt launafólks og stuðla að lækkun vaxta. Þetta var einn af mörgum liðum í aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga, sem gilda frá 2024 til 2028. Þannig var það samþykkt að gjaldskrár ríkisins myndu ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025. Sveitarfélögin lýstu jafnframt yfir vilja til þess að stilla gjaldskrárhækkanum í hóf, sérstaklega þegar horft er til barnafjölskyldna og fólks í viðkvæmri stöðu. Reykjavíkurborg hækkar t.d. sína gjaldskrá um 3,5% á árinu 2025, sem var það viðmið sem samningar kváðu á um að sveitarfélögin ættu að horfa til.

Sum sveitarfélög hafa þó hækkað sínar gjaldskrár úr hófi. Í Fjarðabyggð hafa bæjaryfirvöld gefið það út að leikskólagjöld hækki á árinu 2025 með þeim afleiðingum að leikskólagjöld fullvinnandi launafólks með leikskólabörn í sveitarfélaginu hækka á bilinu 24 – 62%, eftir vistunartíma. Þessar hækkanir eru ekki í takt við markmið kjarasamninga og geta reynst þungbærar. VR og AFL – Starfsgreinafélag funduðu með bæjarráði Fjarðabyggðar í janúar s.l. og mótmæltu þessum hækkanum, og vonast er til þess að það beri einhvern árangur.

Fyrir VR félag sem búa í sveitarfélögum þar sem hækkanir á opinberum gjaldskrár eru nær viðmiði kjarasamninga, eins og í Reykjavík, er staðan skárri en engu að síður er ljóst að þessar hækkanir geta bitið fast.

Það er erfitt að alhæfa um meðalupphæðir sem heimili greiða í opinber gjöld, enda fer það að miklu leyti eftir fjölskyldugerð, stöðu á húsnæðismarkaði og sveitarfélögum. Þó má ætla að fyrir marga VR félag hlaupi þessar hækkanir á tugum þúsunda í viðbótartútgjöld fyrir árið 2025.

Samkvæmt úttekt Byggingastofnunar, sem unnin var af sérfræðingum HMS, voru fasteignagjöld viðmiðunareigna á höfuðborgarsvæðinu um 480.000 krónur að meðaltali árið 2024. Inni í þessari tölu eru fasteignaskattar, sorphirðugjöld, vatnsgjöld, og fleira. Leikskólagjöld í Reykjavík fyrir hjón með tvö börn í 8 klukkustunda vistun og fæði voru um 570.000 krónur árið 2024. Þegar tekið er tillit til annarra opinberra gjalda, t.d. nefskatts, gjalda í tengslum við útgáfu opinberra skirteina og hækkana á iðgjöldum náttúruhamfaratryggingasjóðs, má varlega ætla að þessi sömu hjón hafi þurft að greiða 50.000 krónur til viðbótar í opinber gjöld af ymsu tagi árið 2024.

Í þessu dæmi má því ætla að hjónin hafi greitt að minnsta kosti 1.100.000 krónur í opinber gjöld árið 2024. Jafnvel hófstiltar hækkanir á gjaldskrár ríkis og sveitarfélaga geta því þýtt að hjónin í dæminu greiði á bilinu 35.000 – 40.000 krónur aukalega í opinber gjöld árið 2025. Þessar upphæðir eru auðvitað breytilegar eftir forsendum. Í einhverjum tilfellum kunna þessi útgjöld að vera mun hærri en í öðrum tilfellum kunna þau að vera lægri.

Kjarasamningar VR kveða á um 3,5% launahækkan árið 2025 eða 23.750 krónur að lágmarki. Eins og sjá má af dæminu að ofan, geta hækkanir á opinberum gjaldskrár gleypst í sig því sem nemur einum eða tveimur mánuðum af launahækkanum fyrir marga VR félag – og það er í þeim tilfellum þar sem sveitarfélög hafa stíllt hækkanum í hóf í takt við markmið samninganna.

Það er því afar brýnt að stjórnvöld sýni áframhaldandi aðhald í hækkanum á opinberum gjaldskrár á samningstímanum og axli sína ábyrgð á verðbólgunni. Það er forsenda þess að hægt sé að ná markmiðum kjarasamninga, sem eru að stuðla að lækkun vaxta og styðja við kaupmátt launafólks á Íslandi. [VR](#)



ERTU NOKKUÐ AÐ GLEYMA ÞÉR?

Könnun VR á Fyrirtæki ársins 2025 er hafin.

Við hvetjum félagsfólk VR til að svara könnun félagsins á Fyrirtæki ársins 2025 en hún stendur nú sem hæst. Heppnir svarendur geta að auki dottið í lukkupottinn og unnið glæsilega vinninga, þar á meðal Iphone 16 og YAY gjafabréf. Flest í félaginu hafa nú fengið könnunina senda á tölvupósti en einnig er hægt að nálgast hana á Mínum síðum á vr.is.

EIN STÆRSTA VINNUMARKAÐSKÖNNUNIN

VR hefur kannað aðbúnað félagsfólks og viðhorf þess árlega í meira en tvo áratugi. Öll í félaginu fá senda könnun en fjöldi fyrirtækja tryggir að auki öðru starfsfólki sínu þátttökurétt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi það er. Í ár fær allt starfsfólk um 150 fyrirtækja tækifæri til að taka þátt óháð stéttarfélagasáðild sinni og er könnunin send til yfir 40 þúsund einstaklinga á almennum vinnumarkaði. Könnun VR á Fyrirtæki ársins er þannig ein víðamesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er á Íslandi.

UM HVAD ER SPURT?

Í könnuninni er spurt um viðhorf til níu lykilmála í starfsumhverfi svarenda. Þættirnir eru stjórnun fyrirtækisins, starfsandi á vinnustaðnum, launakjör, vinnuástandi, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins, jafnrétti og að síðustu ánægja og stolt af vinnustaðnum. Gefin er einkunn fyrir hvern lykilmál og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækis en hæsta einkunn er fimm. Ítarleg umfjöllun um þættina og þróun þeirra er á vef VR, vr.is. Þar má einnig finna umfjöllun um hugmyndafræðina að baki könnuninni og framkvæmdina.

EFTU FYRIRTÆKIN VALIN FYRIRTÆKI ÁRSINS

Niðurstöður eru birtar á vef VR fyrir hvert og eitt fyrirtæki sem nær lágmarkssvörum, sem er 35% af útsendum spurningalistum. Einungis fyrirtæki þar sem allt starfsfólk hefur tækifæri til að taka þátt koma hins vegar til greina í valinu á Fyrirtæki ársins eða Fyrirmyndarfyrirtæki. Fyrirtækjum er skipt í þrjú flokka eftir stærð; minnstu fyrirtækin eru þau þar sem starfsfólk er færri en 30 talsins, meðalstór eru þau þar sem starfa 30 til 69 og þau stærstu eru með 70 eða fleiri starfandi. Eftu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirtæki ársins. Fyrirtækin

í fimmtán efstu sætunum, þar með talið vinningsfyrirtækin sjálf, fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki.

FJÖLSKYLDUVÆNUSTU FYRIRTÆKIN OG FRÆÐSLUVIÐURKENNING VR

Eitt fyrirtæki í hverjum stærðarflokki verður útnefnt Fjölskylduvænasta fyrirtækið 2025. VR veitti slíka viðurkenningu í fyrsta skiptið árið 2023 og verður hún fastur liður í könnuninni héðan í frá. Viðurkenningin grundvallast á svörum starfsfólks við spurningum sem snúa að sveigjanleika í vinnu og getu til þess að samræma vinnu og einkalíf. VR telur brýnt að vekja athygli á þessum mikilvæga málaflokki með því að veita sérstakar viðurkenningar til þeirra fyrirtækja sem bjóða starfsfólki sínu upp á fjölskylduvæna vinnustaði.

Auk þess hlýtur eitt fyrirtæki í hverjum stærðarflokki Fræðsluviðurkenningu VR 2025. Val þeirra byggir á viðhorfi starfsfólks til sí- og endurmenntunarmála og getu þess til þess að þróast í starfi.

ÞINN VETTANGUR TIL SAMSKIPTA

Könnunin veitir starfsfólki mikilvægan farveg til að tala við stjórnendur sinna vinnustaða, hrósa því sem vel er gert en benda jafnframt á það sem þarf að laga. Þetta er þinn vettvangur og þín leið til að láta heyrast frá þér.

Niðurstöðurnar eru mælikvarði á frammistöðu stjórnenda fyrirtækja og nýttar til að veita þeim fyrirtækjum sem standa sig vel í mannauðsmálum viðurkenningu fyrir vel unnin störf og hvetja önnur til aðgerða. En niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins eru meira en bara viðurkenning til fyrirtækja. Þær gefa félagsfólki VR og starfsfólki á almenna vinnumarkaðnum upplýsingar um starfskjör í fyrirtækjum og viðhorf starfsfólks þeirra sem og þróun á vinnuástandum. Þær gefa VR einnig dýrmætar upplýsingar um hvar hallar á félagsfólk og hvernig kjarabaráttan hefur skilað árangri. Niðurstöður könnunarinnar eru mikilvægt innlegg í kjaraviðræður og renna fleiri stöðum undir starfsemi og þjónustu félagsins. [vnr](#)



KOSIÐ TIL FORMANNS OG STJÓRNAR VR

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsfólks VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR kjörtímabilið 2025 - 2029 hefst **kl. 10:00 fimmtudaginn 6. mars 2025** og lýkur **kl.12:00 á hádegi fimmtudaginn 13. mars 2025**. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR Hafa ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR félagar. Á kjörskrá er einnig eldra félagsfólk sem fær greiddan ellilífeyri og hefur verið í félaginu í a.m.k. 5 ár samfellt fyrir töku eftirlauna.

UPPLÝSINGAR TIL ATKVÆÐISBÆRRA VR FÉLAGA

Allt atkvæðisbært félagsfólk fær sendar upplýsingar í tölvupósti um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Upplýsingarnar verða einnig aðgengilegar á vef VR og auglýsingar verða birtar á vefmiðlum og samfélagsmiðlum VR.

Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er á vefsíðu félagsins. Þau sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt á þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar VR á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa ferðu á vef VR, vr.is, smellir á Kosningar í VR 2025 og skráir þig inn með rafrænum skilríkjum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú ert ekki með Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um á audkenni.is eða í viðskiptabankanum þínum.

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á næstu blaðsíðu þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli fjögurra frambjóðenda til formanns og 16 frambjóðenda til sjö sæta í aðalstjórn til fjögurra ára og þriggja sæta í varastjórn til tveggja ára. Alls buðu sig 17 fram til stjórnar, en einn frambjóðandi dró framboð sitt til baka.

Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, vr.is.

VOTING FOR THE CHAIR AND BOARD MEMBERS OF VR

A general vote among VR members for the election of the Chair and Board of VR for the 2025 - 2029 term will begin at 10:00 AM on Thursday, March 6, 2025, and conclude at 12:00 noon on Thursday, March 13, 2025. The voting process is electronic.

All full members of VR have the right to vote in the elections. Also included in the electoral register are older members who receive an old-age pension and have been in the union for at least five consecutive years before retiring.

There are four candidates for the position of Chair and 16 candidates running for seven seats on the main Board and three seats on the alternate Board.

Further information on the candidates and on the voting on the VR website, vr.is/en.

FRAMBJÓÐENDUR TIL FORMANNS, Í STAFRÓFSRÖÐ: CANDIDATES FOR CHAIR (IN ALPHABETICAL ORDER):

- Bjarni Þór Sigurðsson
- Flosi Eiríksson
- Halla Gunnarsdóttir
- Þorsteinn Skúli Sveinsson

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR, Í STAFRÓFSRÖÐ: CANDIDATES FOR THE BOARD (IN ALPHABETICAL ORDER):

- Andrea Rut Pálsdóttir
- Birgitta Ragnarsdóttir
- Eldar Ástþórsson
- Guðmundur Ásgeirsson
- Jennifer Schröder
- Karl. F. Thorarensen
- Kristján Gísli Stefánsson
- María Araceli Quintana
- Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson
- Ólafur Reimar Gunnarsson
- Selma Björk Grétarsdóttir
- Styrmir Jökull Einarsson
- Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
- Tómas Elí Guðmundsson
- Vala Ólöf Kristinsdóttir
- Þórir Hilmarsson

LÖG VR – UM KOSNINGAR TIL FORYSTU

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Árlega skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrír varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarfólk sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrlitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsfólki sem vill taka sæti á listanum.

Uppstillingarnefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal uppstillingarnefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá aðili sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofur félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsfólks.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan sex vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Halda skal kynningarfundum meðal félagsfólks krefjast einn eða fleiri frambjóðenda þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjafléttu halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.



BJARNI ÞÓR SIGURÐSSON

Fæðingardagur og ár
4. september 1958

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
bjarnithor@me.com

Vefsíða
bjarnithor.is

Instagram
bjarni_thor

Facebook
Bjarni Þór Sigurðsson

STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá Birtíngi útgáfufélagi sem sölu- og markaðsstjóri og hef jafnframt starfað sem leiðsögumaður á sumrin. Ég er menntaður í kvikmyndagerð frá CLCF í París og er með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og hef starfað við fjölbreytt störf, allt frá sjómennsku og verslunarstörfum til fjölmiðla, markaðssetningar og húsnæðismála. Meðal starfa sem ég hef sinnt eru:

- Fjölmiðlar og markaðsmál: Sölu- og verkefnastjóri hjá Vísi, deildarstjóri vörubróunar hjá Sýn og Vodafone.
- Húsnæðismál: Sérfræðingur hjá ASÍ, formaður húsnæðisnefndar VR, stjórnarmaður í Bjargi og Blæ.
- Félagsstörf: Setið í stjórn VR frá 2012, varaformaður 2013-2017, fulltrúi í miðstjórn ASÍ, stjórnarmaður í Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Ég hef verið félagi í VR í yfir 20 ár og hef gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Ég var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2009, trúnaðarmaður hjá 365 miðlum og varamaður í stjórn VR 2010-2012. Ég hef verið virkur í gerð kjarasamninga og tekið þátt í stefnumótun félagsins.

Auk þess hef ég starfað að málefnum Reykjavíkurborgar, setið í stjórn ÍTR og hverfaráði Vesturbæjar.

Mín reynsla og störf sýna að ég hef bæði djúpa þekkingu á hagsmunamálum VR-félaga og sterka reynslu af því að koma málum í framkvæmd.

HELSTU ÁHERSLUR

Með framboði mínu til formanns VR legg ég áherslu á:

- Að VR haldi áfram að vera leiðandi afl í baráttu fyrir betri kjörum og réttindum félagsfólks.
- Skýrari deildaskiptingu VR til að tryggja að fjölbreyttir hópar félagsins njóti sanngjarnra hagsmuna.
- Öflugra sí- og endurmenntun fyrir félagsfólk í takt við hraðar tæknibreytingar á vinnumarkaði.
- Húsnæðismál með áherslu á aukið öryggi og fjölbreyttar lausnir fyrir bæði leigjendur og kaupendur.
- Jöfn tækifæri fyrir eldra starfsfólk og markvissar aðgerðir gegn aldursfordómum.
- Sveigjanlegra og aðgengilegra orlofskerfi fyrir alla.
- Innri úttæk á starfsemi VR til að tryggja að félagið þjóni félagsfólki sínu sem best.
- Skilvirkan undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga með virku samtali við félagsfólk.

MARKMIÐ FRAMBOÐSINS

Markmið mitt með framboði er að tryggja hagsmuni allra og að raddir félagsfólks heyrast.

- Örug, vel launuð störf.
- Tryggja öryggi verslunarfólks í daglegum störfum gegn ofbeldi og áreitni.
- Styðja betur trúnaðarmenn VR og virkja grasrót félagsins.

VR er stórt og fjölbreytt stéttarfélag. Hefja þarf vinnu við að deildarskipta VR með víðtæku samtali og í góðri sátt við félagsfólk.

Með sí- og endurmenntun þarf að mæta breyttum veruleika, með notkun gervigreindar verða gerðar nýjar kröfur. Til að félagsfólk VR haldi samkeppnisforskoti á vinnumarkaði vil ég:

- Tryggja námsúrræði sem gera fólki kleift að þróa sig í starfi.
- Samstarf við atvinnurekendur um sveigjanlegt nám um allt að 16 klst. af vinnutíma.
- Auka íslenskukennslu fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.
- Námskeið sem undirbýr fólk fyrir störf framtíðarinnar og styðja við þá sem vilja skipta um starfsvettvang.

HÚSNÆÐISMÁL

Öruggt húsnæði er mannréttindi hvort sem fólk velur að leigja eða kaupa. Fjölga þarf íbúðum og skapa raunveruleg úrræði fyrir þá sem eru að stofna fjölskyldu. Byggja þarf séreignakerfi þar sem fólk eignast frá 50% af íbúð. Þetta myndi gjörbreyta stöðu ungs fólks og fyrstu kaupenda. Staðreyndir sýna að verkalyðshreyfingin getur haft afgerandi áhrif á húsnæðismarkaðinn. Að frumkvæði VR og annarra félaga hefur Bjarg byggt yfir 1.100 leiguíbúðir. VR Blær hefur byggt 36 leiguíbúðir í Úlfarsárdal, sem þegar hafa verið afhentar VR-félögum.

Ég hef verið í forystu í húsnæðismálum innan VR sem formaður húsnæðisnefndar félagsins og ASÍ, auk þess að hafa setið í stjórnnum Bjargs og Blævar. Fjölbreytt húsnæðiskerfi er lykillinn að heilbrigðum húsnæðismarkaði. Markmið mín eru skýr:

- Tryggja raunhæfar leiðir fyrir fyrstu kaupendum.
- Halda áfram uppbyggingu hagkvæmra leiguíbúða í samstarfi við Bjarg og Blæ.
- Jafnvægi milli leigu- og eignamarkaðar, með áherslu á ungt fólk og eldra fólk sem vill minnka við sig.

Með skýrri stefnu og beinum aðgerðum getum við byggt upp betri húsnæðismarkað.

ALDURSFORDÓMAR OG MÁLEFNI ELÐRA FÉLAGSFÓLKS

Með auknum ævilíkum og góðri heilsu þarf að tryggja að einstaklingar 50 ára og eldri njóti sömu tækifæra og aðrir. Aldursfordómar eru raunveruleg áskorun sem útilokar dýrmæta reynslu og þekkingu af vinnumarkaði.

Tæknibreytingar og hröð þróun ýta undir þá hugmynd að eldra fólk eigi erfiðara með að tileinka sér nýja færni. Þessi hugmynd er úrelt og skaðleg. Tryggja þarf að allir, óháð aldri, hafi jöfn tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar.

Ég mun beita mér fyrir því að:

- VR verði leiðandi í baráttunni gegn aldursfordómum á vinnumarkaði.
- Sí- og endurmenntun fyrir 50+ verði raunhæfur valkostur.
- Staða eldra fólks í atvinnuleit verði eflað með sérhæfðri ráðgjöf.
- Eldra félagsfólk fái öflugri stuðning í lífeyris- og réttindamálum.

Eldri starfsmenn eru verðmætir fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið. VR þarf að standa vörð um rétt þeirra.

ORLOFSKERFI VR

Ég vil tryggja að fleiri njóti góðs af orlofskerfi VR með fjölbreyttari valkostum.

Ég mun beita mér fyrir:

- Fjölgun orlofshúsa í eigu VR á næstu fjórum árum.
- Niðurgreiðslu á hótulgistingu og ferðakostnaði, með skýru hámarki og sanngirni.
- Gjafabréfum og samstarfi við ferðaþjónustu, bjóða fjölbreyttari tækifæri til afsláttar og niðurgreiddra ferða.

Tryggja að orlofskerfið sé sanngjarnt og sveigjanlegt.

NÝTUM TÍMANN FRAM AÐ KJARASAMNINGUM SEM BEST

Til að ná góðum samningum þarf markvissa stefnu og öflugan undirbúning. Ég mun tryggja að raddir félagsmanna heyrast og að kröfugerð VR endurspegli raunverulegar þarfir þeirra.

Ég mun beita mér fyrir:

- Virkara samtali við félagsfólk og að kröfugerðin byggist á hagsmunum þess.
- Faglegum greiningum á vinnumarkaði og þróun launakjara.
- Öflugri kynningu og umræðu innan félagsins um kjaraviðræður, svo félagsfólk sé upplýst og tilbúið að styðja við mikilvægar kröfur.

ÖFLUG FORYSTA FYRIR VR

Ég býð mig fram til formanns VR og vil sjá félagið sem enn sterkara afl í hagsmunabaráttu launafólks. Með reynslu í kjarasamningum og húsnæðismálum get ég tryggt að VR sé í forystu.

- Húsnæðismál: Ég hef þegar komið að uppbyggingu hagkvæmra leiguíbúða og vil tryggja fleiri raunhæfar lausnir.
- Sterk réttindabaráttu: Ég hef áratuga reynslu af kjarasamningum.
- Öflugri stuðningur fyrir trúnaðarmenn: Félagfólk hafi skýrari rödd innan félagsins.
- Jöfn tækifæri fyrir alla: Fyrstu kaupendum, leigjendum, eldra fólk eða fólk af erlendum uppruna.
- Betra orlofskerfi: Ég vil fjölga orlofshúsum og bjóða upp á sveigjanlegri valkosti.

Ég hef ekki bara talað um lausnir – ég hef komið þeim í framkvæmd.

Ég mun beita mér fyrir félagsfólk VR af festu og krafti.

Nýtum kosningaréttinn og veljum forystu sem tryggir að VR verði öflugt afl fyrir félagsmenn – í dag og til framtíðar.



FLOSI EIRÍKSSON

Fæðingardagur og ár
20. desember 1969

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
feiriksson@gmail.com

Vefsíða
flosieiriks.is

Facebook
Flosi Eiríksson

Twitter
@Feiriksson

STARF OG MENNTUN

Aton, ráðgjafi – Viðskiptafræðingur.

Ég lauk stúdentsprófi frá MK 1989, sveinsbréfi í húsasmíði 1993 og BS í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2006.

STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég starfaði sem húsasmiður hjá ýmsum fyrirtækjum og sjálfstætt um nokkura ára skeið, vann hjá KPMG 2006 til 2016, Íslandsstofu 2016 til 2018, sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands 2018 til 2022. En síðan þá hef ég starfað sem ráðgjafi hjá Aton.

Ég hef verið virkur í félagsstarfi. Meðal annars sem bæjarfulltrúi í Kópavogi 1998 til 2010, í bæjarráði 1998 til 2006 og ýmsum öðrum nefndum á vegum Kópavogsbæjar. Varaformaður stjórnar Almenningsvagna bs. 1998 til 2002 og í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs 2006 til 2009. Var formaður skólanefndar MK frá 2010 til 2021. Í stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks frá 2017 og hef verið formaður hennar síðan 2021.

HELSTU ÁHERSLUR

Það er gott að fá þetta tækifæri til að tala svona beint til VR félaga um hvernig mér finnst að félagið okkar eigi að starfa og á hvað við eigum að leggja áherslu á næstunni.

Við þurfum öfluga og samhenta forystu sem sameinar félagið að baki sér og laðar fólk til starfa. Það sést af því sem ég hef áður gert að mér er alvara í því að ná samstöðu og mér hefur gengið vel að leiða með þeim hætti, sem formaður í samhentum hópi.

VR er geysilega sterkt félag sem sameinar fólk í fjölbreyttum störfum og atvinnugreinum. Með afli sínu á félagið að vera leiðandi í að tryggja kjarabætur og réttindi með hagsmuni allra félagsmanna að leiðarljósi. VR á að hafa sterka rödd í samstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar og veita stjórnvöldum þétt aðhald í efnahags- og velferðarmálum. Það þarf að tryggja fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir öll og gæta þess að tæknibreytingar af margvíslegu tagi verði til að bæta lífsgæði en ógni ekki afkomu og atvinnutækifærum fólks.

Í félaginu okkar á alltaf að vera virkt samráð við félagsmenn og öflugt grasrótastarf. Þannig tryggjum við að sjónarmið félagsmanna liggja til grundvallar í öllu starfi og áherslum félagsins og að félagið vinni að okkar sameiginlegu hagsmunum.

„HINN ALMENNI FÉLAGSMAÐUR ÞARF SINN MÁLSVARA;
FORMANN MEÐ REYNSLU ÚR ÓLÍKUM ÁTTUM, SEM ER
EKKI HLUTI AF NEINUM FYLKINGUM, LAÐAR FÓLK MEÐ
SÉR ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÁKVARÐANIR OG
VINNUR AÐ ÞVÍ AÐ VIÐ HÖFUM SAMEIGINLEGA SÝN.“

ÖFLUGT FÉLAG FYRIR OKKUR ÖLL

VR í krafti styrks og stöðu á að vera leiðandi í kjarasamningagerð á almennum markaði og standa fremst í því að tryggja fólki betri kjör og réttindi. Það gerum við með því að horfa alltaf á stóru myndina, muna afhverju við erum í VR og að við saman getum tryggt að félagið okkar sé í fararbroddi á svo til öllum sviðum.

Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé með lausnir á öllum þeim viðfangsefnum sem mæta VR eða patent lausnir um útfærslur á einstökum reglum eða sjóðum í starfsemi félagsins. En ég er búinn að vera félagi hér lengi, hef starfað á almennum vinnumarkaði við nokkuð fjölbreytt störf auk þess að hafa starfað hjá verkalýðshreyfingunni um nokkura ára skeið. Þessi bakgrunnur og reynsla mun nýtast afar vel í störfum fyrir VR – bæði það að vera úti í atvinnulífinu og hafa tekið þátt í alls konar félagstarfi og starfað innan um og með skemmtilegu fólki er góður undirbúningur. Ég þekki vel til mála og er góður í að hlusta á fólk, þó mér finnst líka smá gaman að tala (!), fá fólk til samstarfs og búa til öfluga samstöðu.

ÓHRÆDD OG LEIÐANDI

Stéttarfélög eru bæði merkileg og nokkuð sérstök fyrirbæri svona í grunninn. Þessi nokkuð einfalda hugmynd um að með því að bindast samtökum geti launafólk tryggt sér betri kjör, mikilvæg réttindi og gott samfélag. Það eru engin önnur félagasamtök byggð á þessum grunni um að samstaða og samtrygging hjálpi hverju og einu okkar að geta staðið á eigin fótum. En umhverfið er síbreytilegt, í upphafi voru félögin talsvert einsleitari, sem dæmi má nefna hafnarverkamenn, iðnaðarmenn og svo framvegis. Með fjölbreyttara atvinnulífi breytist ýmislegt en grunnhlutverkið hefur ekki breyst og eins og áður skiptir öllu máli að við tökum sem flest þátt í starfinu og tryggjum að okkar stóra félag tali fyrir allt félagsfólk.

Og við eigum að vera óhrædd og leiðandi í því að tala um þróun á íslenskum vinnumarkaði og samsetningu hans, hvernig við tryggjum kröftugt atvinnulíf með góðum störfum og að félagsmenn séu á dýnamískum markaði þar sem tækifæri gefast til að þróast eftir áhugasviði hvers og eins. Tölum ekki í frösum og festumst ekki í deilumálum gær dagsins heldur horfum fram á veginn með lausnir í huga.

FORGANGA TIL FYRIRMYNDAR

Mér finnst forganga VR í húsnæðismálum hvort sem horft er til Bjargs eða Blævar hafa verið frábær og sýnt vel hverju samstaða og einbeittur vilji getur skilað. Ég sat um tíma í varastjórn Bjargs og kynntist aðferðafræðinni sem ég held að byggingarmarkaðurinn almennt geti lært mikið af. Við eigum að byggja áfram á þessari reynslu og leggja okkar af mörkum til þess að koma á heilbrigðum húsnæðismarkaði hér á landi.

Félagið gerir samninga um grunnlaunakjör og réttindi vegna veikinda, orlofs og annarra þátta. En við þurfum líka að vera með það bak við eyrað að stór hluti félagsmanna semur persónulega um launin en réttindi og annað fylgir samningi VR. Þetta tvíþætta hlutverk getur verið vandmeðfarið en er um leið hluti af því sem við erum og þurfum að hafa í huga. Það getur leitt til þess að nauðsynlegt sé að fara í harðar aðgerðir en það á aldrei að tala um verkföll af léttúð eða beita slíku vopni með óábyrgum hætti.

ENGUM HÁÐ NEMA OKKUR SJÁLFUM

Það felur líka í sér að í öllu starfi þarf félagið að vera óháð flokkspólitík og hafa hagsmuni okkar félagsfólks til grundvallar í allri framgöngu og málatilbúnaði. Við þurfum með öðrum orðum að hafa styrk og þor til að beita okkur þannig að stjórn efnahagsmála sé skynsamleg og raunverulegum kjarabótum eða kaupmætti sé ekki stefnt í hættu og þá þarf að vera ósmeykur, sem ég tel mig hafa sýnt, við að halda réttmætum sjónarmiðum okkar á lofti, alveg sama hver á í hlut.

Við þurfum að vera sterkari í því að tala við og tala fyrir allt okkar fólk, að vera stöðugt í samtali um grundvallaratriðin; um góða afkomu, öruggt húsnæði, réttindi við veikindi og sjúkdóma, fæðingarstyrki og margvíslega aðra sjóði. Við þurfum að ræða um styttingu vinnuvikunnar og líka um orlof og orlofshús og um öll viðfangsefni dagslegs lífs hjá félagsfólki á hverjum degi út um allt í atvinnulífinu.

FORMANN SEM FYLKIR FÓLKI SAMAN

Félagið er byggt upp af okkur, almennum félögum, fólki sem lifir sínu lífi og tekst á við þær áskoranir sem hversdagurinn býður upp á. Hinn almenni félagsmaður þarf sinn málsvara; formann með reynslu úr ólíkum áttum, sem er ekki hluti af neinum fylkingum, laðar fólk með sér þegar kemur að því að taka ákvarðanir og vinnur að því að við höfum sameiginlega sýn. Formann sem er hluti af vef þar sem hver þráður skiptir máli og skilur og deilir lífsbaráttu félagsfólks VR. Formann sem fylkir fólki saman, því saman erum við sterkari.

**Ég býð mig fram til að vera sá formaður fyrir VR næstu 4 árin.
Vonandi eigum við samleið í að gera VR að enn öflugra félagi.**



HALLA GUNNARSDÓTTIR

Fæðingardagur og ár
8. janúar 1981

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
halla@halla.is

Instagram
hallagunnars

TikTok
@hallagunnars

Vefsíða
halla.is

Facebook
halla.gunnarsdottir.7

STARF OG MENNTUN

Formaður VR, afgreiðslukona í Kokku.
MA í alþjóðasamskiptum og B.Ed. í kennslu.

STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég hef átt sæti í stjórn VR frá árinu 2023 og starfaði áður sem framkvæmdastjóri ASÍ. Ég bý yfir fjölbreyttri starfsreynslu af sérfræðings-, skrifstofu- og afgreiðslustörfum og hef starfað á Íslandi, í Bandaríkjunum og Bretlandi. Ég var blaðamaður í sex ár, lengst af á Morgunblaðinu, og ég hef unnið fyrir tvær ríkisstjórnir, sem hefur veitt mér dýrmæta innsýn í leiðir til að hafa áhrif á opinbera ákvarðanatöku í þágu launafólks.

Ég hef alla tíð verið virk í félagsstörfum, á sæti í stjórn bresku hugveitunnar New Economics Foundation og um tíma var ég varaformaður Neytendasamtakanna.

Ef ég fæ senda vísu svara ég í bundnu máli og þá sjaldan það er kyrrð á heimilinu á ég það til að yrkja ljóð. Eftir mig liggja þrjár útgefnar ljóðabækur, ein fræðibók og ævisaga Guðrúnar Ögmundsdóttur.

HELSTU ÁHERSLUR

Mikilvægasta hlutverk formanns VR er að bæta kjör VR-félaga í gegnum kjarasamninga. Hvort sem félagar starfa eftir töxtum eða á markaðslaunum þá mynda kjarasamningar grunninn að bæði réttindum og kjörum. Verkefnið núna er í fyrsta lagi að fylgja eftir núgildandi kjarasamningum og tryggja uppbyggingu húsnæðis fyrir fólk og sambærileg vaxtakjör hér á landi og á Norðurlöndunum. Í öðru lagi þarf þegar í stað að hefja undirbúning næstu kjarasamninga og tryggja að VR mæti öflugt og samhent til leiks og reiðubúið til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum alls félagsfólks. VR er stórt, öflugt og framsækið félag og það er mikilvægt að halda áfram að efla þjónustu við félagsfólk. Ég hef lagt áherslu á fjölskyldumál og að félagið taki upp fæðingarstyrk, samhliða því að eiga opna og lýðræðislega umræðu um styrkjakerfi félagsins. VR-ingar eru verðmætir og við eigum félagið okkar saman.

„FORYSTA FÉLAGSINS ÞARF AÐ ENDURSPUGLA OG VINNA Í ÞÁGU FJÖLBREYTTA HÓPA FÉLAGSINS OG HLOTVERK FORMANNS ER AÐ LEIÐA SAMAN ÓLÍK SJÓNARMÍÐ OG BERJAST FYRIR SAMEIGINLEGUM HAGSMUNUM FÉLAGSFÓLKS.“

VR-INGAR ERU VERÐMÆTIR

Eins og fjölmargir VR-félagar fékk ég bréf frá bankanum mínum nú í upphafi árs þar sem mér var tilkynnt að tímabili fastra vaxta væri lokið. Ég hefði val um að endurfjármagna lánin mín eða taka á mig tæpar 200 þúsund krónur í aukna greiðslubyrði á mánuði. Fjórðungur húsnæðislántakenda er í nákvæmlega sömu stöðu þennan veturinn, þótt greiðslubyrðin geti verið mismunandi eftir aðstæðum. Fjöldi lántakenda hefur farið yfir í verðtryggð lán og Seðlabankinn og bankarnir þreystast ekki á að halda því fram að staða heimilanna sé í góðu lagi, því eignir þeirra hafi aukist.

En hækkun fasteignaverðs breytir engu fyrir mánaðamótin hjá venjulegu fólki, nema þá að því leyttinu til að fasteignagjöldin hækka. Við stöndum því frammi fyrir veruleika þar sem millitekjufólk í ágætum störfum getur lent í vandræðum um mánaðamót ef þvottavélin bilar, því allar krónurnar eru löngu farnar í hina botnlausu hit vaxta og verðbóta.

REIKNINGURINN SENDUR TIL LAUNAFÓLKS

Einhvern veginn hefur það fyrirkomulag orðið ofan á að þegar vel árar eigi fjármálastofnanir og peningafólk að græða og þegar illa árar eigi þau að græða áfram. Reikningurinn er hins vegar sendur til launafólks sem skal gjöra og svo vel að greiða hærri vexti, hærri leigu, hærri opinber gjöld og meira fyrir þjónustu og nauðsynjar. Á meðan þessi pólitíska skekkja fær að lifa óáreitt er hætt við að kauphækkanir kjarasamninga dugi launafólki skammt. Núgildandi kjarasamningar fólu til að mynda í sér talsverða áhættu fyrir launafólk þegar samið var um lágar launahækkanir á tímum mikillar verðbólgu. Væntingar stóðu til að stýrivextir yrðu lækkaðir nánast þegar í stað en biðin var löng og enn eru stýrivextir á Íslandi tvö- til þrefalt hærri en vextir á hinum Norðurlöndunum. Ungt fólk á í miklum vandræðum með að koma sér upp þaki yfir höfuðið og leigjendur sem vonast til að komast af leigumarkaði eru að hlaupa maraþon þar sem rásmarkið færast sífellt lengra í burtu.

UNDIRBÚNINGUR KJARAVIÐRÆÐNA HEFST ÞEGAR Í STAÐ

Mikilvægasta verkefni forystu VR er að vinna að kjarabótum félagsfólks. VR-ingar eru verðmætir og það á að endurspeglast í kjarasamningum.

En til að slíkar kjarabætur skili sér þarf VR að beita afli sínu gegn pólitískum ákvörðunum sem eru teknar gagngert til að færa byrðar yfir á herðar launafólks. Á þetta hef ég lagt mikla áherslu frá því að ég tók sæti í stjórn VR. Stundum þarf nefnilega ekki nema eitt lítið pennastrík til að setja afkomu fólks í uppnám, til dæmis með ofsahækkunum á leikskólagjöldum eða vanhugsaðri skattlagningu á ökutæki.

Hljóti ég kjör til að sinna áfram formennsku í VR mun undirbúningur næstu kjaraviðræðna hefjast strax að loknum aðalfundi félagsins í mars. Markmiðið er að við í VR mætum samhent og skipulögð til leiks með það að markmiði að gera góða kjarasamninga sem þjóna þorra okkar félagsfólks. Slík vinna krefst góðs undirbúnings, þekkingar og útsjónarsemi. Samhliða er hlutverk formanns að fylgja eftir núgildandi kjarasamningum og tryggja að forsendur þeirra haldi. Þar skiptir miklu að stjórnvöld standi við gefin loforð, ekki síst um húsnæðisupbyggingu og að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla sé brúað í eitt skipti fyrir öll.

SÆKJUM FRAM FYRIR VR

Við lifum á sérstökum tímum. Í fjölmörgum löndum hefur skipulögð barátta launafólks verið brotin á bak aftur og hér á landi má sjá tilraunir til hins sama. Sem dæmi má nefna stofnun gervistartárfélaga, beitingu verkanns og órókstuddar hugmyndir um að auka valdheimildir ríkissáttasemjara. Sporin hræða og í löndum þar sem verkalyðshreyfingin hefur verið brotin á bak aftur býr vinnandi fólk við mun lakari kjör, afkomuóryggi og jafnvel fátækt þrátt fyrir fulla vinnu.

Það krefst vinnusemi og pólitískrar reynslu að berjast gegn tilraunum til að veikja stéttarfélag og um leið að sækja fram fyrir VR inn í nýja tíma. Fjöldi starfa á eftir að taka miklum breytingum með sjálfvirknivæðingu og nýrri tækni. Markmiðið á að vera að tryggja að breytt tækni leiði til betri og skemmtilegri starfa og þægilegri vinnutíma á kjörum sem bjóða upp á öryggi og lífsgæði. Þetta er langtímaverkefni sem þarfnast stöðugrar athygli.

VR er stærsta stéttarfélag landsins og innan okkar raða er fólk úr mismunandi tekjuhópum, af 128 þjóðernum og ólíkum kynjum. Við vinnum verðmæt störf og eigum ríka sameiginlega hagsmuni af kröftugri kjarabaráttu og framsækni fyrir hönd vinnandi fólks. Forysta félagsins þarf að endurspeglar og vinna í þágu fjölbreyttra hópa félagsins og hlutverk formanns er að leiða saman ólík sjónarmið og berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum félagsfólks.

Ég óska eftir stuðningi VR félaga til að halda áfram að leiða félagið, enda er ég rétt að byrja!



ÞORSTEINN SKÚLI SVEINSSON

Fæðingardagur og ár
15. janúar 1987

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
frambod@thorsteinnskuli.is

Vefsíða
thorsteinnskuli.is

Facebook
Þorsteinn Skúli-Framboð
til formanns VR

Instagram
thorsteinnskuli_vr

TikTok
@thorsteinnskuli

LinkedIn
Þorsteinn Skúli Sveinsson

STARF OG MENNTUN

Ég útskrifaðist árið 2014 með meistaragráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík en árið 2019 sótti ég mér viðbótarnám í mannauðsstjórnun frá sama skóla. Í dag starfa ég á mannauðs- og stefnusviði BYKO.

STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég starfaði hjá VR frá 2007 til 2021 og lengst af sem sérfræðingur á kjaramálasviði. Eftir rúmlega fjórtán skemmtileg ár hjá VR þyrsti mig í frekari reynslu og áskoranir. Þannig varð úr að ég réði mig til starfa sem lögfræðingur hjá Sameyki stéttarfélagi. Þaðan lá leið mín til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Í dag starfa ég á mannauðs- og stefnusviði BYKO.

Ég tók þátt í verkefninu „Ungir leiðtogar“ á vegum ASÍ – Ung árið 2019. Jafnframt hef ég komið að hinum ýmsum félagsstörfum á þeim vinnustöðum sem ég hef starfað hjá.

HELSTU ÁHERSLUR

Sem formaður VR mun ég leggja áherslu á jöfnuð og bætt kjör fyrir öll.

- Að setja á stofn leikskóla fyrir börn félagsfólks VR á aldrinum 12-24 mánaða.
- Að jafna rétt félagsfólks með því að varasjóður verði lagður niður í þeirri mynd sem hann er í dag og teknir upp fastir styrkir.
- Að þungaðar félagskonur fái auka 4 vikur við hefðbundinn veikindarétt á launum.
- Að félagsfólk geti ráðstafað launuðu leyfi vegna veikinda barna hvort heldur sé vegna veikinda barna/maka/foreldra.
- Að unnið sé áfram í jöfnun réttinda milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðs, til að mynda með 36 stunda vinnuviku og 30 daga orlofi fyrir allt félagsfólk.
- Að eiga stöðugt samtal við stjórnvöld og samningsaðila vegna bætttra kjara félagsfólks.

Ég mun fylgja eftir mikilvægum málum sem fyrrum formenn og öflugt starfsfólk félagsins hefur unnið að á síðustu árum.

Á KJARAMÁLI - GEFUM FÉLAGS- FÓLKI VR RÖDD

LEIKSKÓLI FYRIR BÖRN FÉLAGSFÓLKS VR

Leikskólamál eru stór áskorun fyrir foreldra. Skortur á plássum og óvissa um dagvistun eftir fæðingarorlof skapar mikið álag. Þessi staða hefur leitt til þess að margir neyðast til að lengja fæðingarorlof eða taka sér hlé frá vinnu með tilheyrandi tekjuskerðingu. Ég vil koma á fót ungbarnaleikskóla fyrir börn félagsfólks VR (12-24 mánaða).

Til að tryggja faglega og raunhæfa framkvæmd mun ég beita mér fyrir því að stofna verkefnahóp með sérfræðingum sem munu vinna að því að útfæra allar hliðar verkefnisins. Ég er sannfærður um að þessi lausn myndi hafa jákvæð áhrif á félagsfólk VR – því hugsaðu þér, hvernig væri að geta verið í fæðingarorlofi án þess að óvissan um framhaldið væri stöðugt á bak við eyrað?

Margir spyrja sig hvernig slíkur leikskóli yrði fjármagnaður. Hér er einföld lausn:

- Stofnkostnaður: Mun koma frá VR, á sama hátt og félagið hefur lagt til fjármagn í húsnæðisuppbýggingu eins og til Blævar.
- Húsnæði: Með því að gera samning við leigufélag um leigu á húsnæði undir starfseminu sparast kostnaður við byggingu.
- Rekstur: Greiðslur frá foreldrum (leikskólagjöld) ásamt niðurgreiðslum frá sveitarfélögum munu standa undir rekstri leikskólans.

STYRKIR Í STAÐ VARASJÓÐS

Í dag eru greiðslur úr varasjóðnum ójafnar og ráðast af tekjum félagsfólks VR. En hvað er sanngjarnt við það að stéttarfélag, sem á að berjast fyrir jafnræði og bættum kjörum félagsfólks, mismuni félagsfólki eftir tekjum þegar kemur að úthlutun styrkja? Ég vil leggja niður varasjóðinn og innleiða sanngjarnara styrkjakerfi. Greiðslur verði veittar í ákveðnum flokkum sem félagsfólk getur nýtt að eigin vali. Flokkarnir munu innihalda:

- Fæðingarstyrk (nýtt)
- Líkamsrækt
- Gleraugnakaup
- Heyrnartæki
- Sálfræðipjónusta
- Tannlæknakostnað
- Sjúkraþjálfun

Þetta tryggir jafnræði, meira gagnsæi og betri nýtingu fjármuna VR.

AUKINN VEIKINDARÉTTUR FYRIR FÉLAGSFÓLK

Meðganga er ekki alltaf áhyggjulaus og margar konur þurfa að minnka við sig vinnu eða hætta nokkrum vikum fyrir fæðingu. Engin kona ætti að þurfa að ganga á hefðbundinn veikindarétt vegna meðgöngu. Ég vil tryggja að félagskonur VR fái auka 4 vikur af launuðum veikindarétti, sem veitir öryggi og sveigjanleika á meðgöngu. Þetta er nauðsynlegt skref í átt að jafnrétti á vinnumarkaði.

Einnig vil ég útvíkka launað leyfi vegna veikinda barna þannig að það nái einnig til maka og foreldra. Félagsfólk VR á að hafa sveigjanleika til að sinna fjölskyldu þegar þess gerist þörf, án þess að það bitni á tekjum þeirra.

JÖFNUN RÉTTINDA Á VINNUMARKAÐI

Jöfnun réttinda á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar eru lykilatriði í baráttunni fyrir réttlæti. Ég vil berjast fyrir:

- 30 daga orlofi fyrir allt félagsfólk
- 36 stunda vinnuviku

Með þessu tryggjum við:

- Betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs
- Jafnræði á vinnumarkaði
- Aukna starfsánægju

Við verðum að halda áfram að berjast fyrir sömu réttindum fyrir allt félagsfólk VR.

SAMTALIÐ – LYKILLINN AÐ ÁRANGRI

Reglubundin og uppbyggileg samskipti við samningsaðila, stjórnvöld og félagsfólk eru lykillinn að því að tryggja betri kjör og hagsmuni félagsfólks VR. Kjarasamningar eru ekki aðeins tæki til að bæta kjör, heldur líka vettvangur til að ræða og leysa úr þeim málefnum sem brenna á félagsfólki hverju sinni. Ég vil:

- Stofna öflugan samskiptavettvang milli samningsaðila og stjórnvalda
- Hefja undirbúning kjarasamninga mun fyrir en áður
- Tryggja sýnilegan og aðgengilegan formann sem hlustar á félagsfólk

Góð samskipti skila betri samningum, bættum kjörum og sterkara VR.

FYRIR STERKARA VR

VR þarf forystu sem talar skýrt, stendur fast á sínu og vinnur af krafti fyrir allt félagsfólk.

Ég mun fylgja eftir mikilvægum málum sem fyrrum formenn og öflugt starfsfólk félagsins hefur unnið að á síðustu árum. Má þar m.a. nefna uppbyggingu húsnæðis fyrir félagsfólk VR (Blær), kjör hinna lægst launuðu, starfsmenntamál og mikilvægi þess að jafnrétti sé gætt í hvívetna hjá hinu almenna félagsfólki.

Ég tel það grundvallaratriði að formaður VR sé óháður pólitík og einbeiti sér alfarið að málefnum félagsfólks. Þannig tryggjum við opið og gagnsætt samtal við stjórnvöld, óháð því hvaða flokkar eru við völd og megum við aldrei láta pólitískar skoðanir skyggja á hagsmuni félagsfólks.

Kæra félagsfólk, framtíð VR er í okkar höndum. Ég sækist eftir ykkar trausti og stuðningi til að taka við embætti formanns VR. Það er mér hjartans mál að skapa sanngjarna og sterka framtíð fyrir félagsfólk og mun ég leggja mig allan fram í þetta mikilvæga hlutverk.

Sameinum krafta okkar – fyrir sterkara VR og bjartari framtíð.



Andrea Rut Pálsdóttir

Fæðingardagur og ár
19. mars 1999

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
andrea.rupa@gmail.com



Birgitta Ragnarsdóttir

Fæðingardagur og ár
22. apríl 1989

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
birgittara@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Icelandair sem aðstoðarþjónustustjóri. Stunda samhliða nám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Síðastliðin tvö ár hef ég verið trúnaðarmaður hjá farþegaafgreiðslu Icelandair. Þegar ég tek við þeirri stöðu eru að hefjast kjaraviðræður þar sem ég fyrst fæ að kynnast störfum verkalýðshreyfingarinnar almennilega og kviknaði mikill áhugi.

Þegar kjaraviðræðunum lauk í fyrra fór ég í Ungliðaráð VR þar sem okkar markmið er að gæta að hagsmunum yngra félagsfólks innan VR og hvetja fleira ungt fólk til að taka þátt í verkalýðsbaráttunni.

HELSTU ÁHERSLUR

Mínar helstu áherslur eru að virkja fleira ungt fólk innan verkalýðshreyfingarinnar. Af 40.000 félagsmönnum VR er ungt fólk um helmingur og vil ég koma þeirra hagsmunum á framfæri innan stjórnar og vera þeirra rödd. Sem dæmi má nefna bættar aðstæður fyrir ungt fólk í tengslum við barneignir, þá lengd og tilhögun fæðingarorlofs og jafnvel fæðingarstyrks eins og mörg önnur félög bjóða.

Mér finnst einnig mikilvægt að leggja áherslu á húsnæðisvandann sem er löngu kominn úr böndunum og varðar öll í landinu, ekki bara ungt fólk. Stór hópur ungs fólks er ósáttur við eigin stöðu og ekki vongóður á batnandi lífskjör á næstu árum sem undirstrikar mikilvægi þess að leggja áherslu á úrbætur í lífsgæðum ungs fólks.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið sem tollmiðlari hjá Icettransport síðan 2018. Samhliða vinnu hef ég stundað nám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Lauk háskólabráu Keilis af viðskipta- og hagfræðibraut árið 2017. Einnig hef ég lokið námi úr Skrifstofuskólanum og undirbúningsnámi fyrir viðurkennda bókarann frá Promennt ásamt því að vera menntuð sem tollmiðlari.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í trúnaðarráði VR síðan 2015 og tekið virkan þátt í því starfi, verið þingfulltrúi á ASÍ þingum og LÍV þingum fyrir hönd félagsins. Haustið 2023 var ég kosin í stjórn ASÍ - Ung til tveggja ára og sit í nefndum innan ASÍ, bæði sem aðalmaður og varamaður. Var einnig trúnaðarmaður á vinnustað um tíma og var líka hluti af Ungliðaráði VR þegar það var stofnað.

Ásamt þessu hef ég setið í stjórn, bæði sem stjórnarmaður og formaður, Foreldrafélags leikskólanna í Hveragerði og einnig í foreldraráði Óskalandis.

HELSTU ÁHERSLUR

Breyting á varasjóði - ég myndi vilja sjá styrkjakerfi sem nýtist betur því félagsfólki sem þarf á því að halda. Sjóðskerfið sem er núna nýtist ekki félagsfólki nægilega vel að mínu mati og dugar skammt ef sækja þarf til dæmis sálfræðipjónustu.

Við þurfum að huga betur að geðheilbrigðismálum félagsfólks og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir brottfall fólks af vinnumarkaði.

Starfsmenntamál - það þarf að sjá til þess að allir hafi jafnt aðgengi að námi. Styðja betur við íslenskukennslu útlendinga á vinnumarkaðnum og gera þeim kleift að stunda nám á dagvinnutíma.

Virkja þarf ungt fólk innan hreyfingarinnar. Þeirra rödd er mikilvæg og þarf að heyrast!

Betra jafnvægi milli fjölskyldulífs og vinnumarkaðarins - stytting vinnuvikunnar.

Og að lokum þarf að vinna að því að desember- og orlofsuppbótin verði skattfrjálsl!



Eldar Ástþórsson

Fæðingardagur og ár
29. maí 1977

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
eldar@ccpgames.com



Guðmundur Ásgeirsson

Fæðingardagur og ár
28. apríl 1978

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
gjaldmidill@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá tölvuleikjaframleiðandanum CCP Games sem Senior Brand Manager.

Ég er stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi og hef lært sagnfræði og stafræna miðlun. Er með meistarapróf í viðskiptastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið meðlimur í VR frá 15 ára aldri þegar ég hóf störf í kerrunum í Hagkaup Kringlunni og í kjölfarið við áfyllingar og afgreiðslu í grænmetisdeildinni. Ég sat árin 2012-2023 í trúnaðarráði VR og hef frá árinu 2020 gegnt stöðu trúnaðarmanns á mínum vinnustað.

Ég starfa í alþjóðlegu umhverfi hjá CCP Games þar sem við tvö sem höfum sinnt hlutverki trúnaðarmanna á vinnustaðnum síðustu ár höfum leitast við að veita öllu samstarfsfólki okkar, þvert á stéttarfélagsaðild, aðstoð og liðveislu sé þess þörf. Þetta hefur að mínu mati gefið góða raun, bæði hjálpað samstarfsfólki, hvort sem það er í VR eða ekki, og eftir veg og virðingu félagsins. Ég tel að samstarf milli stéttarféлага sé af hinu góða.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef verið VR félagi í áraradír og býð nú fram krafta mína í stjórn félagsins í fyrsta sinn. Ég tel mikilvægt að vindar nýliðunar blási um stjórnina í þessu stjórnarkjöri þar sem við félagsmenn veljum okkur sjö fulltrúa af þeim fimmtán sem stjórn VR skipa.

Mér finnst mikilvægt að VR sé áfram brautryðjandi í að þjónusta sína félagsmenn og geri þar enn betur. Að félagið starfi í takt við tímann og beiti kröftum sínum og sinna starfsmanna með þeim hætti að það standi vörð um kjör, starfsþróunarmöguleika og velferð félagsmanna sinna.

Ég mun beita mér fyrir því að félagið sé öflugur málsvari allra félagsmanna, bæði verslunarfólks og líka þeirra sem starfa innan tækni, nýsköpunar og almennra skrifstofustarfa. Ég vil sjá félagið verða enn öflugra á sviði neytendamála, þau mál varða okkur öll.

Ég vil vinna fyrir félagsmenn VR og kynnast starfi VR enn betur. Leggja fram mína krafta og hugmyndir í þágu félagsmanna.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Leiðsögn - félag leiðsögumanna, kjarafulltrúi.

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Menntun í kerfisfræði og lögfræði við Háskólann í Reykjavík, BA próf í lögfræði 2018. Jafnframt hef ég setið ýmis sérnámskeið á meistarastigi, svo sem í vinnurétti, neytendarétti, persónuverndarrétti, stjórnsýslurétti o.fl.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef meira en 15 ára reynslu af starfsemi félagasamtaka af ýmsu tagi. Lengst af hjá Hagsmunasamtökum heimilanna þar sem ég var ritari stjórnar og varaformaður 2011-2012, starfaði sem sérfræðingur í húsnæðis- og lánamálum neytenda 2013-2021, var svo aftur varaformaður 2022-2024 og gegni nú hlutverki formanns fram að næsta aðalfundi.

Mitt fyrsta starf innan vébanda VR var í vöruhúsi heilðsölufrirtækis. Eftir það starfaði ég um tíma við hugbúnaðargerð og síðar að húsnæðis- og lánamálum neytenda um langt árabíl. Undanfarið ár hef ég svo starfað sem kjarafulltrúi hjá Leiðsögn - félagi leiðsögumanna við nánast alla þætti þjónustu við félagsmenn og umsjón með skrifstofu félagsins. Þannig hef ég öðlast fjölbreytta reynslu og góða innsýn í réttinda- og lífskarabaráttu íslenskra heimila.

HELSTU ÁHERSLUR

Auk hinnar hefðbundnu hagsmunagæslu og baráttu fyrir réttindum og kjörum launþega á vinnumarkaði hef ég líka áhuga á að setja lífsskjaramál heimilanna í viðara samhengi. Svo sem í húsnæðismálum og öðrum þáttum sem snúa að útgjaldahlíð heimilisbókhaldsins því þegar allt kemur til alls eru ráðstöfunartekjur að teknu tilliti til framfærslukostnaðar það sem mestu máli skiptir fyrir heildarafkomu og lífsskjör almennings. Húsnæði er stærsti einstaki kostnaðarliður heimilanna og jafnframt sá sem hefur hækkað langmest á undanförunum árum. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum er miklu hærra hér á landi en eðlilegt getur talist og því þarf að stemma stigu við. Viðunandi lífsafkoma og þar með talið húsnæðisöryggi telst til sjálfsgöra mannréttinda. Verkalýðsfélög gegna lykilhlutverki í því að standa vörð um þessi réttindi og berjast fyrir eflingu þeirra. Að þessum markmiðum vil ég vinna.



Jennifer Schröder

Fæðingardagur og ár
7. apríl 1990

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
schroederj90@gmail.com



Karl F. Thorarensen

Fæðingardagur og ár
2. júní 1974

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
kfth@hotmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vinn hjá Eskimos, sem er fyrirtæki í ferðaþjónustu, þar sem ég skipulegg klæðskerasamaðar ferðir um Ísland, allt eftir óskum erlendra viðskiptavina.

Ég hef alla tíð unnið í þjónustustörfum og flutti til Íslands 17 ára gömul til að sinna au-pair störfum fyrir fjölskyldu í Garðabæ. Eftir að ég kynntist Íslandi var ekki aftur snúið. Mér gekk strax vel að læra íslensku og fljótlega fór ég að vinna í ýmsum ferðatengdum störfum á borð við hjá Icelandair, þar sem ég var flugþjónn, og Iceland Travel, þar sem ég skipulagði ferðir útlendinga.

Ég legg stund á nám í viðskiptafræðum og stjórnun hjá Open University í Bretlandi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Fyrir tveimur árum ákvað ég að bjóða mig fram í stjórn VR og var ég fyrsta manneskjan af erlendum uppruna sem náði kjöri í stjórn. Þá, eins og nú, brenn ég fyrir að leiðrétta það misrétti sem á sér því miður stað á íslenskum vinnumarkaði. Kjörtímabilið hefur jafnframt verið lærdóms- og árangursríkt. Ég hef setið í jafnréttisnefnd, orlofsnefnd og er nú varamaður í miðstjórn ASÍ.

Helsta ástæða þess að ég býð mig aftur fram í stjórn VR er að mér finnst að verki mínu sé ekki lokið. Breytingar taka tíma en ég vil eins og áður leggja áherslu á að réttindi allra, bæði útlendinga og þeirra sem fæddir eru á Íslandi, séu virt af öllum, alls staðar.

HELSTU ÁHERSLUR

Nái ég aftur kjöri til setu í stjórn VR mun ég leggja mig alla fram fyrir alla félagsmenn en með áherslu á málefni sem skipta yngra fólki og barnafjölskyldur máli sem og málefni útlendinga á vinnumarkaðnum. Einnig mun ég sérstaklega beita mér fyrir vaxandi þörf félagsfólks okkar fyrir aðstoð sem snýr að geðheilbrigðismálum.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég byrjaði 16 ára gamall að vinna hjá Sól hf. og hef verið í VR síðan þá. Ég starfaði hjá Sól í 10 ár, hóf svo störf í innkaupadeild Vífilfells 2003 og varð síðar innkaupastjóri hjá Emmessís, Odda og Icelandair frá 2007 til 2023. Síðastliðinn tvö ár hef ég unnið sem innkaupastjóri hjá Terra umhverfisþjónustu.

Lauk námi í markaðs- og útflutningsfræðum hjá EHI og er með BA próf í rússnesku frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg í Rússlandi. Hef einnig stundað nám í viðskiptafræði og mastersnám í stjórnun og stefnumótun við Háskóla Íslands.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég er mjög félagslyndur og hef m.a. gegnt formennsku í starfsmannafélögum þar sem ég hef unnið að því að efla samstöðu og bæta starfsumhverfi. Á vinnustöðum mínum hef ég skipulagt fjölbreytta viðburði sem styrkja liðsheild og stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu. Sem stjórnarmaður í VR vil ég nýta þessa reynslu til að efla félagsstarf innan VR og auka samheldni félagsfólks.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef verið félagsmaður í VR í 35 ár og ávallt notið góðs af starfi félagsins. Nú vil ég gefa til baka og leggja mitt af mörkum til að styrkja félagið enn frekar.

VR þarf að vera sýnilegra, aðgengilegra og nýta tæknina betur til að tryggja að félagsfólk hafi greiðan aðgang að mikilvægum upplýsingum og úrræðum. Breytingar á vinnumarkaði og samfélaginu öllu gerast nú á ógnarhraða og VR verður að vera leiðandi afl í að undirbúa félagsfólk fyrir nýjar áskoranir. Með aukinni upplýsingagjöf og fræðslu getum við tryggt að okkar félagsfólk sé tilbúið í þá stafrænu vegferð sem samfélagið og vinnumarkaðurinn er á. Ljóst er að tæknin er nú þegar farin að hafa áhrif á störf okkar og við þurfum að aðlagga okkur að þeim stóru breytingum sem eru handan við hornið.

Mínar áherslur snúa að því að auka styrki til endurmenntunar og starfsþróunar svo að félagsfólk geti verið vel búið undir breytingar á störfum og skapað sér tækifæri samhliða tæknibreytingum. Ég mun berjast fyrir því að auka fræðslu um nýja tækni sem tengist fjórðu iðnbyltingunni og þeim áhrifum sem hún mun hafa á okkar félagsfólk. T.a.m. hefur fjarvinna aukist verulega síðustu ár og mun halda áfram að þróast. VR þarf að hafa eftirfylgni með því að félagsfólk í fjarvinnu njóti sömu réttinda og þeir sem vinna á hefðbundnum vinnustað.

Með áratuga reynslu af stjórnunarstörfum hef ég lært að hlusta, taka tillit til ólíkra sjónarmiða og vinna með fólki úr fjölbreyttum hópum. Ég vil nýta þá reynslu í þágu félagsins okkar.



Kristján Gísli Stefánsson

Fæðingardagur og ár
3. október 1984

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
kristjang@kiwanis.is



Maria Araceli Quintana

Fæðingardagur og ár
14. október 1990

Félagssvæði
Suðurland

Netfang
maraceli123@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Olís ehf, ég er sölumaður sérhæfðrar vöru og þjónustu.

Ég hef stundað nám í Fjölbrotaskóla Breiðholts og Hraðbraut sem dæmi og lokið ýmsum námskeiðum sem hafa hjálpað mér í mínum störfum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hjá VR hef ég verið trúnaðarmaður síðan 2017 og líka verið í trúnaðarráði síðustu ár. Hef verið þingfulltrúi á nokkum LÍV þingum og hjá ASÍ. Var fyrst trúnaðarmaður 19 ára gamall í Eflingu í skamma stund áður en ég skipti um starf. Sinni Kiwanis í mínum klúbbi og var svæðisstjóri á síðasta starfsári. Hjá Olís hef ég sinnt ýmsum störfum, þar á meðal á lager og þjónustuborði.

Ég hef einnig unnið á skyndibitastöðum, öðrum lagerum, sem verkamaður, frístundastarfsmaður og fleiri sambærilegum störfum í gegnum árin.

HELSTU ÁHERSLUR

Vil ég leggja áherslu á að verja rétt okkar á vinnumarkaði sem hefur náðst í gegnum árin og víkka hann til allra félagsmanna VR. Við erum stórt félag með breiðan launaskala og erum við sterkust þegar við stöndum öll saman sem eitt. Í því má nefna baráttuna fyrir því að desember- og orlofsgreiðslur ættu að vera skattfrjálsar. Ásamt því að styrkir til heilbrigðis- og sálfræðiþjónustu séu skattfrjálsir. Einnig að réttur foreldra vegna veikinda barna fari upp að 18 ára þar sem einstaklingur undir 18 ára er barn í lagalegum skilningi.

Sem faðir tveggja leikskólabarna hef ég kynnst fæðingarorlofskerfinu vel á síðustu árum og er þörf á miklum úrbótum þar. Mun ég því berjast fyrir að jafn öflugt félag og VR þrýsti á stjórnvöld að lengja það. Ásamt því þarf að gera grein fyrir að fjölskyldur lifa við mismunandi aðstæður og eiga stjórnvöld að treysta fjölskyldum til að haga sínu orlofi eins og hentar hverri fjölskyldu.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Núverandi vinnustaður er á þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi þar sem ég starfa í móttöku og tilfallandi verkefnum fyrir félagsmenn Bárunnar, VR, FIT, VIRK og Festu Lífeyrissjóðs. Einnig starfa ég sem leiklistarkennari í Dansakademiunni á Selfossi og í Danskömpaní í Keflavík.

Ég er með diplómu í viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum frá árinu 2015, útskrifuð frá Kvikmyndaskóla Íslands úr leiklist og kvikmyndagerð árið 2021 og er nú í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun í Háskólanum á Bifröst.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Í gegnum tíðina hef ég verið dugleg að sitja í nefndum tengdum hagsmunagæslu samnemenda eða samstarfsfélaga. Árið 2013-2014 var ég trúnaðarmaður hjá SFK, frá 2014-2015 sat ég í skólaráði Háskólans á Hólum, árið 2017 sat ég í stjórn LÍS (Landssamband Íslenskra stúdenta) og frá 2019-2021 var ég formaður nemendaráðs Kvikmyndaskólans. Nú sit ég í stjórn Leikfélags Hveragerðis og hef verið þar síðan 2020. Einnig sit ég í stjórn foreldraráðs hjá Leikskólanum Óskalandi í Hveragerði.

HELSTU ÁHERSLUR

Mínar helstu áherslur eru að standa vörð um hagsmuni og réttindi félagsmanna. Þá er mikilvægt að öll viti hver sín réttindi eru og mikilvægt er að VR sé sýnilegt öllum. VR er félag sem er nú þegar mjög sýnilegt og hafa Vinnustaðaeftirlit VR, skólakynningar og samfélagsmiðlar átt stóran þátt í því. En það má alltaf gera betur, þá sérstaklega á sýnileika til erlendra félagsmanna. Kynna þarf þeirra réttindi á jafnan hátt og gert er til þeirra sem eru íslenskumælandi.

Mér þykir mikilvægt að standa vörð um kjör og vinnutíma félagsmanna sem og að styrkja orlofs- og sjóðakerfi VR. Sjóðir sem stéttarfélag halda utan um skipta oft sköpum fyrir félagsmenn, þá sérstaklega þau láglaunuðu. Ég vil geta tekið þátt í uppbyggingu sjóðanna og að styrkja önnur mál sem koma inn á borð stjórnar VR.

Ég tel mikilvægt að reglulega komist nýir einstaklingar inn í stjórnina – en til þess eru nú kosningar og skipta öll atkvæði máli. Betur sjá augu en auga og ég tel að ég geti komið að borðinu með ferska sýn og nýjungar sem geta haft áhrif.

Takk fyrir að gefa þér tíma til að lesa og mundu að kjósa kærri félagsmaður!



Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson

Fæðingardagur og ár
30. desember 1993

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
19plmateusz93@gmail.com



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár
27. september 1954

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
olafurreimar@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ofar ehf., þjónustufulltrúi verkstæðis og lagermóttöku, stúdentspróf í hótél- og ferðaþjónustu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég er fæddur í Łomża, Póllandi, en ég fluttist til Íslands árið 2013 og varð íslenskur ríkisborgari árið 2022. Ég hef fjölþætta starfsreynslu, meðal annars í þjónustu við viðskiptavinum, sérhæfðum verkefnum og daglegum rekstri, auk viðtækrar reynslu af málefnum vinnumarkaðarins og réttindabaráttu launafólks.

Ég gegni einnig stöðu trúnaðarmanns hjá VR hjá Ofar ehf. (áður Origo Lausnir) og sit í trúnaðarráði VR. Þar að auki sit ég í stjórn nýstofnaðs Ungliðaráðs VR sem hefur það hlutverk að huga að hagsmunum yngra fólks innan félagsins.

Þá hef ég áður gegnt hlutverki trúnaðarmanns hjá Linde Gas og Olís og sat í trúnaðarráði Eflingar auk þess sem ég var í stjórn Orlofssjóðs félagsins.

HELSTU ÁHERSLUR

Umfram allt legg ég áherslu á mikilvægi þess að tryggja fyrirmyndarstarfsaðstæður fyrir alla. Það er von mín og trú að fyrri reynsla og einlægur áhugi minn á réttindum launafólks geri mig að öflugum frambjóðanda til stjórnar VR, þar sem ég mun leggja mig fram um að vinna í þágu félagsmanna með skilvirkum og samstilltum hætti.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1976. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (Cand Oecon) árið 1981.

Ég starfaði hjá EY (Ernst & Young ehf.) sem sérfræðingur á endurskoðunarsviði frá árinu 2002 til 2024 að tveim árum undanskildum en árin 2008 og 2009 starfaði ég hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri. Þar áður starfaði ég hjá PWC ehf. í nokkur ár.

Ég starfa nú sem skrifstofustjóri hjá Hefilverki ehf.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Félagi í VR síðan árið 1980. Hef setið í trúnaðarráði VR í allmörgum ár. Kjörinn í stjórn VR 2017 en var fyrsti varamaður í stjórn VR þrjú ár þar á undan. Kjörinn í stjórnina 2019-2021 en sagði mig úr stjórn í júní 2019. Kosinn í stjórn 2023 og er nú varaformaður félagsins.

Ég hef verið fulltrúi á ASÍ þingum og á þingum LÍV og er í stjórn LÍV. Ég var kjörinn í stjórn LIVE kjörtímabilið 2016 til 2019 og var varaformaður stjórnar sjóðsins það tímabil. Ég var kjörinn í stjórn LIVE 2019-2022 og var formaður stjórnar en hætti haustið 2019. Ég bauð mig fram til setu í stjórn LIVE tímabilið 2024-2028 og sit í stjórninni sem varamaður. Var í stjórn Félags viðskipta- og hagfræðinga 2015-2016.

Ég hef verið virkur í starfi UMF Stjórnunnar og er formaður Almenningsípróttadeildar félagsins.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef tekið virkan þátt í starfinu og starfað í mörgum nefndum á vegum VR og einnig í nefndum hjá ASÍ. Ég sit nú í starfsmenntanefnd, laganefnd, kjaramálanefnd, öldungaráði og er varamaður í umhverfisnefnd og jafnréttis- og mannréttindanefnd. Ég sit einnig í stjórn SVS. Þessi nefndarstörf mín fyrir VR sýna vel hverja helstu áherslur mínar eru: Húsnæðismál, starfsmenntamál, jafnréttismál, að tryggja kaupmátt þeirra launa sem við semjum um, hagsmunamál eldra félagsfólks, lífeyrismál, að gera vinnuumhverfið fjölskylduvænta, m.a. með styttingu vinnuvikunnar, og að þeir sem eru að nálgast starfslok hafi val um hvenær þeir vilja fara af vinnumarkaði þ.e. sveigjanleg starfslok.

Ég hef öðlast mikla reynslu af störfum fyrir félagið mitt VR og býð fram krafta mína enn á ný til að gera VR að enn öflugra félagi.

**Selma Björk
Grétarsdóttir**

Fæðingardagur og ár
28. apríl 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
selmabg@internet.is

**Styrmir Jökull
Einarsson**

Fæðingardagur og ár
21. ágúst 2003

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
styrmir@bonus.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef verið ferðaráðgjafi hjá Air Atlanta í 15 ár. Ég var áður hjá Ferðaskrifstofu Íslands og þar áður hjá Icelandair.

Ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð, lönnskólanum í Reykjavík og nam svo ferðaráðgjöf hjá Ferðamálastofu Íslands en hef einnig setið ýmis námskeið í gegnum tíðina hjá NTV, Amadeus o.fl.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður VR alla mína vinnutíð, verið trúnaðarmaður hjá Air Atlanta síðan 2012 og svo í trúnaðarráði VR síðan 2014. Ég hef einnig setið nokkur ASÍ & LÍV þing fyrir hönd VR.

Ég hef alltaf verið virk í félagsstörfum og hef setið í nokkrum nefndum á vegum VR.

Ég hef verið í stjórn VR síðan 2020, var varaformaður VR 2023-2024 og svo varamaður í stjórn VR 2024-2025. Ég hef setið í miðstjórn ASÍ sl. 3 ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég tel mikilvægt að félagsfólk VR viti um réttindi sín og þá þjónustu sem VR hefur upp á að bjóða. Að bæta hagsmunum félagsfólks ásamt því að bæta kjör þess. Ég vil sjá að ráðstöfunartekjur félagsfólks verði það góðar að fólk geti náð endum saman og lifað vel af sínum ráðstöfunartekjum ásamt því að geta sinnt sínum áhugamálum og notið þess að vera til.

Ég hef lengi haft mikinn áhuga á kjaramálum og vil því taka þátt í að bæta kjör félagsfólks og auka kaupmátt okkar allra ásamt því að finna lausn á húsnæðisvanda margra VR félaga. Að VR haldi áfram með húsnæðisstefnu sína og fjölgi íbúðum enn frekar fyrir félagsfólk sitt.

Því óska ég eftir þínu atkvæði svo ég geti haldið áfram að vinna fyrir þig og alla hina VR félaga mína.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég er verslunarstjóri hjá Bónus í Garðabæ og hef aðeins starfað hjá Bónus frá því ég byrjaði að vinna, en ég byrjaði þar 14 ára. Þar vann ég líka samhliða námi mínu til stúdentsprófs í MR, en því lauk 2022.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Reynsla mín af félagsstörfum er takmörkuð, en í gegnum vinnu mína hef ég öðlast dýrmæta innsýn í íslenskan vinnumarkað. Ég hóf störf hjá Bónus aðeins 14 ára og varð verslunarstjóri 18 ára. Sú reynsla hefur kennt mér mikilvægi góðra starfskjara, skipulags og ábyrgðar. Ég hef séð hvernig ákvarðanir um laun og vinnuskilyrði hafa bein áhrif á daglegt líf starfsfólks.

Sem stjórnandi hef ég lært að hlusta á ólíkar raddir og vinna að lausnum sem nýtast öllum. Þessi reynsla mun nýtast mér vel í stjórn VR, þar sem ég vil leggja áherslu á að bæta kjör allra félagsmanna með raunhæfum og markvissum aðgerðum.

HELSTU ÁHERSLUR

Mínar áherslur lúta að því að VR einblíni á grunnildir sín og vinni markvisst að því að bæta lífskjör allra félagsmanna. Félagið á að tryggja að kjaraviðræður skili fyrst og fremst hærri launum, betri starfskjörum og auknu starfsöryggi fyrir alla. Áherslan ætti að vera á raunverulegar umbætur sem gagnast sem flestum félagsmönnum í daglegu lífi, svo félagið haldi áfram að vera öflug rödd launafólks.

VR á að vera skýrt og kraftmikið í sínum markmiðum, með stefnu sem tryggir að félagið vinni að hagsmunum allra þeirra sem treysta á það. Sterkt stéttarfélag á að sameina félagsmenn, standa vörð um réttindi þeirra og tryggja að rödd þeirra heyrist. Þannig náum við að fá fleiri með okkur í baráttuna, sérstaklega þá sem yngri eru, sem þurfa sterkari rödd og meira vægi innan félagsins.



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fæðingardagur og ár
8. október 1969

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
svansi1969@gmail.com



Tómas Elí Guðmundsson

Fæðingardagur og ár
11. ágúst 1983

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
tomaseli.g@outlook.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem vörustjóri auglýsinga (Product Manager Advertising) hjá Icelandair. Ég hef unnið hjá Icelandair í rúm þrjú ár en starfaði áður í fjölmiðlageiranum, meðal annars við dagskrárgerð í útvarpi, auglýsingasölu og sem deildarstjóri auglýsingadeildar.

Ég útskrifaðist með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999, lauk diplómanámi í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands árið 2009 og vorðið 2016 útskrifaðist ég frá Promennt úr sölu- og markaðsfræðum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og tekið virkan þátt í nefndarstarfi. Ég var forseti starfsmannafélags 365 miðla í rúman áratug og gegndi jafnframt starfi trúnaðarmanns á sama vinnustað til margra ára.

Frá árinu 2014 hef ég setið í stjórn VR, að einu ári undanskildu, og tekið þátt í fjölmörgum nefndum fyrir félagið. Á síðasta kjörtímabili hef ég setið í jafnréttisnefnd og launanevnd auk þess að vera formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR. Ég hef einnig gegnt embætti ritara stjórnar og verið varaformaður VR. Auk þess sat ég í stjórn Landssambands Íslenskra verzlunarmanna á árunum 2017–2023 fyrir hönd VR.

HELSTU ÁHERSLUR

VR er stærsta stéttarfélag landsins og vinnur að bættum lífskjörum félagsfólks. Til að ná því markmiði þarf meðal annars að auka kaupmátt, lengja orlof og stytta vinnuvikuna í takt við opinbera markaðinn. Jafnframt er brýnt að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði og tryggja sveigjanleg starfslok.

Símenntun skiptir miklu máli og mikilvægt er að félagsfólk geti aðlagast tækniframförum.

Á síðustu árum hefur orðið bakslag í jafnréttismálum og réttindum hinsegin fólks, bæði hér á landi og á alþjóðavísu. VR ber að halda áfram að vinna gegn launamun kynjanna og fordómum tengdum kyni, kynhneigð, þjóðerni, aldri eða trú. Berjast þarf fyrir réttindum hinsegin fólks með skýrri stefnu, fræðslu og stuðningi á vinnumarkaði til að tryggja öruggt og fordómalaust starfsumhverfi.

Geðraskanir eru stór orsök fjarveru á vinnumarkaði og því þurfum við að stuðla að góðri geðheilsu og vinna gegn fordómum. Mikilvægt er að efla fræðslu og þátttöku félagsfólks, hlusta á rödd þeirra og virða skoðanir þess og óskir.

VR getur með slagkrafti sínum haft mikil áhrif á lífskjör framtíðar. Þitt atkvæði skiptir máli.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem deildarstjóri þjónustuvera hjá Dohop ehf., þar stýri ég og leiði teymin sem sinna viðskiptavinum á fjölbreyttan og skilvirkan hátt. Áður starfaði ég hjá Icelandair í tæplega átta ár, þar sem ég var þjálfunar- og gæðasérfræðingur, með áherslu á þróun og framkvæmd þjálfunar og gæðaúttekta.

Ég var í Borgarholtsskóla. Ég hef lokið fjölbreyttum námskeiðum og kúrsum frá Endurmenntun Háskólans á Akureyri, þar sem ég hef t.d lokið Almennri forritun, SQL gagnagrunnum og vefforritun. Ég er í námi við Háskólann á Bifröst, þar sem ég styrki enn frekar þekkingu mína á stjórnun og rekstri.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef hátt í 20 ára reynslu sem trúnaðarmaður. Ég sit í trúnaðarráði VR og Fulltrúaráði Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Ég hef reynslu af stjórnarsetu, en ég var í stjórn Starfsmannafélags Suðurnesja (STFS). Ég hef setið ASÍ þing og þing LÍV. Ég er meðlimur í Björgunarsveit Suðurnesja og hef verið frá árinu 2014, þó ekki virkur né í útköllum um þessar mundir. Ég tel að ég hafi góða reynslu til að beita mér fyrir áframhaldandi umbótum og velferð allra félagsmanna VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Markmið mitt er að gera VR að leiðandi afli í baráttunni fyrir réttindum og velferð allra félagsmanna, óháð aldri, starfsgrein eða bakgrunni. Ég vil beita mér fyrir jafnrétti á vinnustað þar sem allir félagsmenn njóta sömu réttinda og tækifæra. Stytting vinnuvikunnar og þróun á vinnufyrirkomulagi sem hentar breyttum þörfum samfélagsins er brýnt skref til að tryggja jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Einnig er mikilvægt að auka stuðning við endurmenntun félagsmanna svo þeir geti mætt tæknibreytingum og nýjum áskorunum á vinnumarkaði. Ég vil einnig stuðla að bættum kjörum með áherslu á að laun og önnur starfskjör endurspegli raunverulegt vinnuframlag og skapi mannsæmandi lífsskilyrði. Einnig vill ég leggja áherslu á að auka styrki til félagsmanna fyrir sálfræðiþjónustu, til að styðja við andlega vellíðan og heilsu.

Ég er sannfærður um að með samstilltu átaki getum við skapað samfélag þar sem allir eru metnir að verðleikum og enginn er skilinn eftir. Ég bið ykkur, kæru félagsmenn, um ykkar stuðning til að vinna þetta mikilvæga starf.



Vala Ólöf Kristinsdóttir

Fæðingardagur og ár
29. maí 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
valaok@gmail.com



Þórir Hilmarsson

Fæðingardagur og ár
27. október 1983

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
thorir83@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

STAFF Icelandair, rekstrarstjóri.

Ég hef unnið í ferðaþjónustu frá árinu 1998 og hef því áratuga reynslu af sölu, markaðssetningu og þjónustu. Ég hef unnið með viðskiptavinum og samstarfsaðilum frá ýmsum áttum og það hefur kennt mér að vega og meta þarfir og óskir þeirra á markaði, sem og að nýta tækifæri á skilvirkan hátt.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Undanfarin tvö ár hef ég setið í stjórn VR þar sem ég hef haft tækifæri til að stunda stefnumótun, vega og meta ákvarðanir. Í þessu hlutverki hef ég öðlast dýrmæta stjórnunarreynslu og skilning á því hvernig tryggja megi velferð og réttindi félagsmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Megináherslur mínar eru fyrst og fremst á hagsmuni félagsfólks, en ég tel að það sé grunnurinn að öllu sem við vinnum að í stjórn VR. Við sem einstaklingar verðum að tryggja að það sé alltaf hægt að byggja upp sjálfstæð og öflug lífskjör. Fólk þarf að geta unnið á viðeigandi launum, með virðingu og jafnrétti og á þann hátt að það sé ekki bara að lifa, heldur að geta lifað með reisn og ánægju.

Ég vil einnig leggja áherslu á það mikilvæga hlutverk sem VR getur haft í því að brúa menningarmun og samheldni innan samfélags okkar. Við erum öll ólík, með okkar eigin bakgrunn og reynslu, en við erum öll saman í því að byggja upp framtíðina fyrir okkur sjálf, fjölskyldur okkar og börn. Börnin okkar, sem eru framtíðin, læra af okkur hvernig við umgöngumst hvert annað og okkur ber að vera fyrirmyndir í þessum efnum.

Ég vil líka að rödd unga fólksins fái að heyrast meira en áður. Það er lykilatriði að við gefum yngri kynslóðinni tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku og móta samfélag sem byggir á jafnrétti og samkennd. Ungt fólk stendur frammi fyrir nýjum áskorunum á vinnumarkaði og það er mikilvægt að við verndum réttindi þeirra og tryggjum að þau hafi tækifæri til að vaxa og dafna í atvinnulífnu.

Jafnréttismál eru mér mjög mikilvæg. Við þurfum að skapa samfélag þar sem allir hafa jafnan aðgang að tækifærum og réttindum, óháð kyni, kynhneigð, uppruna eða öðrum félagslegum þáttum. Ég vil áfram berjast fyrir jafnrétti í öllum myndum þess, hvort sem það er á vinnumarkaði eða í samfélaginu almennt.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef verið félagsmaður í VR frá því ég hóf störf fimmtán ára gamall. Árið 2008 lauk ég sveinsprófi í skósmíði frá þá lðnskólanum í Reykjavík, nú Tækniskólanum. Hafði þá unnið í og með á skóverkstæðum frá því ég byrjaði á vinnumarkaðnum. Hef einnig starfað við ýmis önnur störf tengd verslun á starfsævinni.

Ég hef starfað hjá Skómeistararnum í Smáralind frá árinu 2011.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég var stjórnarmaður Landssambands skósmiða 2009-2021. Ég hef setið í stjórn VR frá 2020-2025, varastjórnarmaður 2020-2021 og stjórnarmaður 2021-2025. Í Sjálfbærnisráði Íslands frá 2022. Var varamaður í miðstjórn ASÍ 2023-2024 og nefndarmaður í heilbrigðisnefnd ASÍ frá 2023.

Ég hef tekið virkan þátt í starfi VR og hef síðastliðin tímabil verið í eftirtöldum nefndum VR: Framkvæmdastjórn Orlofsstjórnar, húsnæðisnefnd, umhverfisnefnd, styrkjanefnd, framtíðarnefnd, framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs. Ég sat sem formaður styrkjanefndar 2020-2022, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR 2022-2023 og hef verið formaður framkvæmdastjórnar Orlofsjóðs frá 2024.

HELSTU ÁHERSLUR

- Aukinn kaupmáttur
- Klára QR-kóða athugasemdakerfi fyrir orlofshús til að bæta upplifun félagsfólks okkar af þeim
- Félagið hjálpi félagsfólki í andlegum veikindum
- 30 daga orlofsréttur fyrir alla
- Veikindaréttur vegna barna til 18 ára
- Aukinn stuðningur vegna atvinnumissis
- Meira fræðslufni fyrir ungt fólk á atvinnumarkaði
- Beinir styrkir t.d. vegna líkamsræktar, tannlækna og sálfræðinga
- Það þarf að vinna að því að tillaga mín á ASÍ þinginu um að desember- og orlofsuppbótin verði skattfrjáls verði notuð í næstu kjarasamningum

Ég sé krefjandi vegferð framundan en er tilbúinn að takast á við þær áskoranir af fullum krafti og vinna sleitulaust að því að ná fram markmiðum VR.

Ég er félagsmaður með skýra framtíðarsýn, skuldbindingu við gildi mín og réttindi vinnandi fólks. Nái ég kjöri mun ég vinna að því að hjá VR sé vettvangur virðingar, tækifæra til framfara og umhverfi þar sem stutt er við félagsfólk svo það geti dafnað.

Ég bið um þitt atkvæði svo við getum saman haft áhrif og byggt upp bjartari framtíð fyrir félagsfólk VR.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2025-2029

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Listinn var lagður fyrir fund trúnaðarráðs þann 29. janúar 2025 og samþykktur einróma. Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2025-2029 rann út á hádegi mánudaginn 3. febrúar 2025. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN

Álfhildur Sigurjónsdóttir Heide
Arnar Þorvarðsson
Árni Guðmundsson
Ásdís Hreinsdóttir
Áslaug Alexandersdóttir
Ásthildur Hannesdóttir
Björg Gílsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Corinias Caraba
Daníel Roche Anítuson
Drífa Snædal
Egill Kári Helgason
Einar Jónsson
Elín Lára Jónsdóttir
Elmar Guðlaugsson
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir
Haflíði Ingason
Halldóra Magnúsdóttir
Hulda Stefania Hólm
Jessica Guerrero Roman
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson
Kjartan Valgarðsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Maiia Dermanska
Nadia Tamimi
Páll Örn Líndal
Paula A. Rodriguez Sanchez
Phoenix Jessica Ramos
Ragnar Orri Benediktsson
Rameshwar Khatgave
Sesselja Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorlákssdóttir
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Svanur Þór Valdimarsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þröstur Ríkarðsson

VINNUSTAÐUR

DHL Express Iceland ehf.
Te og kaffi ehf.
Korputorg ehf.
Sendiráð Bandaríkjanna
Húsasmiðjan ehf.
Árvakur
Aðalskoðun hf.
Teitur Jónasson ehf.
Melabúðin ehf.
Cabin ehf.
Hótel Klettur ehf.
Stígamót
Ísfell ehf.
Sensa ehf.
Hvíta húsið ehf.
Hugvit hf.
Fagkaup ehf.
Íþróttabandalag Akraness
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.
Lota ehf.
Fjárstoð ehf.
Sleggjan atvinnubílar ehf.
Iceland Travel ehf.
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Í atvinnuleit
Geðverndarfélag Íslands
Teitur Jónasson ehf.
Mjúk Iceland ehf.
Dýralæknamiðstöð Grafarholts
Festi hf.
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.
Fjárstoð ehf.
Svens ehf.
Alvotech hf.
Forlagið ehf.
Accountant ehf.
Egilsson ehf.
Terra umhverfisþjónusta hf.
Steypustöðin ehf.
SERVIO ehf.
John Lindsay hf.

HVAÐ ERU MARKAÐSLAUN?

Við aldamótin áttu miklar breytingar sér stað á vinnumarkaði þar sem meiri kröfur voru gerðar um menntun og sérhæfingu. Á þessum tíma höfðu örar tækniframfarir áhrif á atvinnulífið, nýjar atvinnugreinar spruttu upp og fjölbreytni starfa jókst hratt. Ljóst var að erfitt gæti verið að semja um launataxta sem endurspegluðu þau fjölbreyttu störf sem til staðar voru svo laun myndu endurspegla vinnuframlag, þekkingu og færni starfsfólks. Var því í kjarasamningum árið 2000 sú breyting gerð að fallið var frá föstum launatöflum ýmissa starfsheita og markaðslaun tekin upp. Með tilkomu markaðslauna var einungis samið um lágmarkslaun helstu starfsstétta en starfsfólk sem féll innan þeirra stétta gat síðan samið sjálft um hærri laun, meðal annars með tilliti til ábyrgðar, frammistöðu og hæfni. Breytingin var til þess gerð að starfsfólk hefði meira svigrúm til að semja um laun sín.

Í kjarasamninga bættist við grein um persónubundin laun:

Við ákvörðun launa milli atvinnurekanda og starfsfólks skulu laun endurspegla vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsfólks svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttis laga við launaákvörðanir.



LAUNAVIÐTALIÐ

Til að veita starfsfólki vettvang til að semja um laun sín var samið um rétt þess til launaviðtals einu sinni á ári. Óski starfskraftur eftir launaviðtali skal atvinnurekandi verða við því innan tveggja mánaða og skal niðurstaða viðtalsins liggja fyrir innan mánaðar frá viðtali.

Í viðtali getur starfskrafturinn meðal annars rætt sína frammistöðu, ábyrgð og hæfni í starfi og reynt þannig að semja um hærri laun eða önnur fríðindi. Vert er að taka fram að laun eru ekki það eina sem semja má um í launaviðtali. Starfsfólk á almennum markaði nýtur þess frjáltsræðis að kjarasamningur þess segir til um þeirra lágmarkskjör en sé samningsvilji hjá báðum aðilum má semja um ansi margt þar umfram.

DÆMI UM ÞAÐ SEM SEMJA MÁ UM Í LAUNAVIÐTALI:

- Afslátt af vörum fyrirtækisins eða annarra fyrirtækja
- Aukið fæðingarorlof
- Aukið orlof
- Árgjald í fagfélag
- Barnagæslu
- Bensinstyrk
- Bifreiðastyrk
- Fatastyrk
- Ferðastyrk
- Fjölbreytni í starfi
- Forkaupsréttindi á hlutabréfum
- Greiðslu á heimaneti
- Mánaðarlegan fastan bónus
- Námsstyrk
- Símastyrk
- Slys- og líftryggingu
- Stöðuhækkun
- Stytttri vinnutíma
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Tölvu á heimilið
- Vinnuáðstöðu
- Yfirvinnu

LAUNAVIÐTAL OG LAUNASPÁ VR

Við undirbúning fyrir launaviðtal er gott að vita markaðsvirði sitt, þ.e. hvað starfsfólk í sömu stöðu fær greitt, bæði innan fyrirtækisins og utan þess. Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði frá 2018 skal öllu starfsfólki heimilt að ræða launakjör sín. Því er ekkert sem meinar starfsfólki að ræða laun sín á milli, kjósi það svo. Margt fólk vill þó ekki ræða laun sín og því getur verið erfitt að afla þessara upplýsinga. Því hefur VR frá aldamótum gert rannsókn á meðaltali launa helstu starfsheita sem heyra undir félagið. Áður var rannsóknin birt á vefsíðu VR en frá árinu 2024 hefur verið birt launaspá á Mínum síðum í stað launarannsóknarinnar. Launaspáin reiknar út á hvaða bili laun starfskrafts liggja m.t.t. starfsheitis, atvinnugreinar, menntunarstigs, aldurs, mannaforráða og starfsaldurs á vinnustað. Spáin var gerð til að VR félagar geti fengið betri svör við spurningunni um hvers virði þeirra starf er.

PAKKALAUN/HEILDARLAUN

Þegar starfsfólk hefur samið um ákveðin mánaðarlaun sem eru umfram lágmarkslaun og fela í sér einhverja breytingu frá kjarasamningum er oft talað um pakkalaun eða heildarlaun. Innan pakkalauna eru þá allar greiðslur sem starfsfólk fær fyrir mánaðarlegt vinnuframlag sitt. Innan þeirra er stundum ákveðinn fjöldi yfirvinnutíma, vinna utan dagvinnutíma, bónusar, fríðindi, meiri eða minni vinnuskylda en kjarasamningur kveður á um o.s.frv. Þegar samið er um pakkalaun er nauðsynlegt að skilja um hvað er samið svo starfsfólk viti hver réttindi þeirra og skyldur eru fyrir umsamda upphæð. Svoltið hefur borið á því að starfsfólk semji um að öll yfirvinna sé innan pakkalauna. Það getur verið varhugavert þar sem fyrirtæki hafa í einhverjum tilfellum litið svo á að starfsfólk geti þá unnið myrkranna á milli án þess að fá nokkra umbun fyrir. Því er gott að hafa gætur á hve mikla yfirvinnu samið er um í ráðningarsamningum þar sem pakkalaun koma fyrir. Sum fyrirtæki miða við 5-10 klst. á mánuði, sem rúmar þá oft þann tíma sem starfsfólk mætir örlítið fyrr eða vinnur aðeins lengur til að klára sín daglegu verkefni.

Þá þarf einnig að hafa í huga hvaða daglega vinnutíma samið er um. Semja má um vinnutíma umfram vinnutíma í kjarasamningi, endurspegli laun þann tíma sem samið er um. Daglegur vinnutími skrifstofufólks er til dæmis 7,35 klst. samkvæmt kjarasamningi (15 mínútur þar af í neysluhlé). Semja mætti þó um að vinnudagur skrifstofustarfskrafts væri 8,5 klukkustundir hvern dag séu mánaðarlaun það há að þau greiði fyrir þessa 1,15 klst. sem myndast í yfirvinnu hvern dag. Þar sem lágmarkslaun skrifstofustarfsfólks fyrir dagvinnu eftir 1. janúar 2025 eru 488.881 kr. væru 500.000 kr. mánaðarlaun fyrir þennan skrifstofustarfskraft því of lág en 800.000 kr. myndu til dæmis ná yfir þessa yfirvinnu. Því væri heimilt að vinna í 8,5 klst. á dag fyrir 800.000 kr. á skrifstofu, samþykki starfskraftur og atvinnurekandi að haga launum og vinnutíma með þessum hætti. [vnr](#)

Markaðslaun eru þau laun er samið er um milli starfskrafts og atvinnurekanda og fylgja ekki ákveðnum launatöflum. Þau endurspeglar hvað fyrirtæki eru almennt tilbúin að greiða fyrir starfskraft í ákveðinni stöðu miðað við til dæmis reynslu og ábyrgð, sem og þá upphæð er fyrirtæki fá starfskraft í þá stöðu.



ORLOFSHÚS VR AÐ SUMRI OG VETRI

Þann 2. apríl verður opnað fyrir almennar umsóknir orlofshúsa VR sumarið 2025 en úthlutun húsanna lýkur þann 24. mars. Um miðjan apríl verður svo hægt að sækja um orlofshús veturinn 2025–2026. Þetta er í samræmi við nýjar reglur um úthlutun orlofshúsa VR.

ORLOFSHÚS AÐ SUMRI TIL - ÚTHLUTUN OG ALMENN LEIGA

Þann 27. febrúar var lokað fyrir umsóknir orlofshúsa sumarið 2025 og hefur félagsfólk sem fékk úthlutað húsi fengið tilkynningu þar að lútandi. Seinni úthlutun verður þann þann 18. mars en þá verður húsum sem ekki voru tekin í fyrra skiptið úthlutað aftur.

Frá og með miðvikudeginum 2. apríl verður hægt að sækja um **öll laus hús sumarið 2025**. Sama regla verður viðhöfð og áður að félagsfólk sem hefur tekið orlofshús á leigu einhvern tímann síðustu þrjú sumur getur ekki sótt um í sumarúthlutun en getur sótt um laus hús 2. apríl þegar opnað verður fyrir almennar bókanir.

ORLOFSHÚS AÐ VETRI TIL - ÚTHLUTUN OG ALMENN LEIGA

Orlofshúsum VR verður úthlutað viku í senn á tilteknum tímabilum veturinn 2025–2026. Um er að ræða leigu frá fimmtudegi til fimmtudags. Þessi tímabil eru:

- Vetrarfrí í skólum dagana 23. – 30. október 2025 og 19. – 26. febrúar 2026
- Jól 2025
- Áramót 2025 – 2026
- Páskar 2026
- Skíðatímabil á Akureyri frá 1. janúar til 30. apríl 2026 (orlofshús í Hálöndum og Skipagötu)

Hér skiptir ekki máli þó félagi hafi tekið orlofshús á leigu á tímabilinu áður, allt félagsfólk stendur jafnt að vígi.

Umsóknartímabilið er frá 14. til 30. apríl 2025. Húsunum verður úthlutað frá 2. maí og hefur félagsfólk til 12. maí til að ganga frá greiðslu í gegnum Mínar síður. Úthlutunarkerfi dregur af handahófi út félagsfólk sem fær sendan tölvupóst að úthlutun lokinni.

Þann 19. maí kl. 10:00 verður opnað á umsóknir orlofshúsa allt vetrartímabilið sem er frá 28. ágúst 2025 til 28. maí 2026. Þá gildir reglan „fyrst koma, fyrst fá“. Lágmarksleiga er þá tveir dagar og helgar eru leigðar frá föstudegi til mánudags. [VR](#)

ALMENNAR REGLUR

Hafi orlofshúsið ekki verið nýtt á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.

Orlofshús eru ekki leigð til VR félaga yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.

Ef inneign í VR varasjóði er notuð til að greiða fyrir leigu á orlofshúsi er hún undanþegin staðgreiðsluskyldu skatta, að því hámarki sem er í gildi hverju sinni samkvæmt skattmati hvers árs.

Framleiga á orlofseignum VR er með öllu óheimil. Félagi sem skráður er leigjandi ber fulla ábyrgð á húsnæðinu meðan það er í leigu á hans nafni.

REGLUR UM TJALDSVÆÐI Í MIÐHÚSASKÓGI

Athugið að einungis eitt tjald/einn ferðavagn má fara í hvert stæði á svæðinu.

Hámarksleiga eru 10 nætur.

Aldurstakmark til að bóka tjaldstæði er 20 ár, miðað er við árið sem VR félagi verður 21 árs.

Ganga þarf frá greiðslu um leið og bókað er. Ekki er hægt að fá endurgreitt eftir að leigan hefur verið greidd.



Sigmundur Halldórsson
Starfskraftur LÍV

AF VETTvangi LÍV

Markmið Landssambands íslenskra verzlunarmanna er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að bættum kjörum og öðrum hagsmunamálum félagsmanna.

Sögu LÍV má rekja allt aftur til þess tíma þegar verslunarfólk á Íslandi sóttist eftir því að eiga aðild að heildarsamtökum launafólks, bæði hér heima og erlendis. Innan vébanda LÍV eru auk VR níu önnur stéttarfélag eða deildir verslunarfólks og LÍV er í dag stærst þeirra sambanda launafólks sem eiga aðild að ASÍ. Innan LÍV er VR langstærsta stéttarfélagið.

Félagar í LÍV tóku virkan þátt í þingi ASÍ á haustdögum 2024 enda hátt í 100 fulltrúar á þinginu frá öllum aðildarfélagunum. LÍV lagði fram á þinginu ályktanir um húsnæðismál og ráðstöfun lífeyrissparnaðar sem báðar voru samþykktar. Þá stóðu fulltrúar LÍV að tillögu um stofnun framtíðarnefndar ASÍ sem var samþykkt en nefndinni er ætlað að horfa til framtíðaráskorana launafólks. Auk þess stóðu félagar í LÍV að ályktun er varðar aukna vernd foreldra langveikra barna á vinnumarkaði og aukinn stuðning við foreldra langveikra barna.

Nokkrum dögum fyrir þing ASÍ var óvænt boðið til kosninga til Alþingis sem fóru fram í lok nóvember. Óhætt er að segja að það hafi haft áhrif á störf þingsins og reyndar LÍV og VR líka. Í kjölfar ASÍ þings tilkynnti Ragnar Þór Ingólfsson, þáverandi formaður LÍV og VR, að hann hefði hug á því að bjóða sig fram til þings, hann sagði sig frá formennsku LÍV og lét formlega af störfum í desember 2024. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, tók við sem formaður LÍV, Kristín María Björnsdóttir var kosin varaformaður og Hjörtur Geirmundsson ritari. Þá tók Bjarni Þór Sigurðsson sæti í stjórn LÍV og það gerði einnig Halla Gunnarsdóttir, sem tók við formennsku af Ragnari Þór, enda hefði fyrir því að formaður VR eigi sæti í stjórn LÍV.


Eitt af lykilhlutverkum LÍV er að styrkja aðildarfélagin með upplýsingagjöf, fræðslufundum og samstarfi við önnur félög, bæði hér heima og erlendis. LÍV stóð á árinu 2024 fyrir fræðslufundi fyrir starfsfólk félaga innan sambandsins þar sem farið var yfir gildandi kjarasamning, menntamál og erlend samskipti LÍV. Stefnt er að því að efla samstarf allra félaga þannig að þau njóti þeirrar reynslu og þekkingar sem VR býr yfir, enda er VR það félag sem fær flest mál til úrlausnar. Jafnframt hefur erlenda samstarfið verið styrkt, skilgreint hefur verið hlutverk alþjóðafulltrúa og erlend tengsl við samtök launafólks efl. Þannig urðu hörð viðbrögð SA í kjaradeilu í byrjun árs 2024 til þess að LÍV fékk aðild að European Transport Workers' Federation (ETF) sem eru heildarsamtök launafólks í flutningum. Þessi aðild styrkir stöðu LÍV og aðildarfélaga LÍV þegar kemur að baráttumálum launafólks innan félaga LÍV sem starfa við flutninga og í ferðaþjónustu, en stöðugur vöxtur í ferðaþjónustu kallar á aukna þjónustu félaga LÍV við launafólk í greininni. Samhliða þessu hefur LÍV eflt samstarf sitt við samtök verslunarfólks á Norðurlöndunum í gegnum NHK en á því sviði er margvíslegt samstarf um sameiginleg hagsmunamál verslunarfólks á Norðurlöndunum og fulltrúar LÍV hafa fengið innsýn inn í þær áskoranir sem systursamtök okkar standa frammi fyrir. Jafnframt hefur LÍV tekið virkan þátt í starfi UNI Global



Union, sambandi samtaka launafólks í Evrópu, en UNI Global Union eru stærstu samtök launafólks í þjónustu á almennum markaði og ná til fjölmargra starfsstétta. Þau skipuleggja starf sitt eftir heimshlutum og starfsgreinum og á þessu ári fer fram Evrópuráðstefna UNI Global Union seinni hluta mars í Belfast á Norður Írlandi. Á sama tíma er haldin kvennaráðstefna fyrir aðildarsamtökin í Evrópu. Verslunarfólk frá Íslandi mun eiga fulltrúa á báðum þessum mikilvægu viðburðum þar sem lagður verður grunnur að helstu áherslumálum hreyfingarinnar í Evrópu á næstu árum.

LÍV hefur lagt áherslu á að starfa innan UNI Global Union og á þeim vettvangi hefur á undanförunum árum verið vakin athygli á því aukna ofbeldi og áreiti sem verslunarfólk verður fyrir við störf sín. Sú áhersla varð til þess að LÍV hefur vakið athygli á því að enn eigi Ísland eftir að lögleiða samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar frá árinu 2019 þar sem tekið er á ofbeldi og áreiti frá þriðja aðila, svo sem viðskiptavinum og birgjum. Nú þegar hafa bæði Danmörk og Noregur leitt ályktunina í lög og síðar á þessu ári munu Finnar fylgja í kjölfarið. Aðeins Ísland og Svíþjóð eiga eftir að staðfesta og telur LÍV það mikilvægt verkefni nýrrar ríkisstjórnar að klára lögfestingu þeirrar samþykktar. LÍV hefur leitað eftir samtali og samstarfi við atvinnurekendur þegar kemur að ofbeldi og áreiti, enda þekki flestir í verslunarstörfum að öryggismál séu vaxandi áskorun. Þarna teljum við að augljóst sé að hagsmunir atvinnurekenda og launafólks fari saman, enda er það krafa aðildarfélaga LÍV að verslunarfólk búi við öryggi í störfum sínum.

Í upphafi árs 2025 funduðu formenn aðildarfélaga LÍV og var þar kynnt vinna stjórnar LÍV að breytingum á lögum sambandsins, sem nú eru í kynningarferli hjá stjórnnum félaga og deilda. Stefnt er að því að leggja fram lagabreytingatillögur á þingi LÍV sem fram fer í október í Reykjavík. Jafnframt samþykkti formannafundurinn tvær ályktanir. Annars vegar fordæmdi fundurinn atlögu SVEIT að réttindum launafólks og skoraði á félagsfólk að sniðganga þau fyrirtæki sem ekki virða grunnleikreglur á íslenskum vinnumarkaði en staðfest er að það eru Rok, Subway, Public House Gastropub, Hard Rock Café og Finnsson Bistro. Hins vegar lýsti formannafundur LÍV yfir þungum áhyggjum af hækkan leikskólagjalda sem gangi í berhögg við gildandi kjarasamninga. Formannafundur LÍV telur það skyldu hins opinbera að tryggja öllum börnum leikskólavist að loknu fæðingarorlofi og að til álita komi að leikskólar flokkist sem lögbundin þjónusta sveitarfélaga. Aukin gjaldtaka marki afturför og bjóði heim hættu á bakslagi í jafnréttismálum.

Nánari upplýsingar um ályktanir formannafundar eru á vef LÍV, landssamband.is. 

RÆKTUM VITIÐ

Verkefnið Ræktum vitið markar nýtt skref í þróun menntunar, starfsþekkingar og hæfni starfsfólks í verslun og þjónustu á Íslandi. Ræktum vitið er afrakstur samstarfssamnings VR/LÍV og Samtaka verslunar og þjónustu sem var undirritaður í mars 2023. Samningurinn hefur það meðal annars að markmiði að festa sí- og endurmenntun í sessi sem hluta af menningu verslunar- og þjónustugeirans.

Könnun á vegum verkefnisins var lögð fyrir félag VR/LÍV í lok árs 2023. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið nýttar til að móta næstu skref við vinnu verkefnisins og áhersluþætti við uppsetningu vefsíðunnar.

Formleg opnun vefsíðunnar Ræktum vitið átti sér stað 17. febrúar síðastliðinn og þar var veitt góð innsýn í markmið og aðgerðir tengdar samstarfssamningnum. Á vefsíðunni má meðal annars finna ýmsar upplýsingar tengdar hæfni aukningu og sí- og endurmenntun sem einstaklingar jafnt sem atvinnurekendur geta nýtt sér. Einnig má finna fjölbreyttar upplýsingar um íslenskunám á Íslandi en allar þessar upplýsingar haldast í hendur við markmið samningsins.

MENNTASTEFNA ER LYKILLINN

Niðurstöður stöðukönnunarinnar frá desember 2023 og greiningarvinna ársins 2024 benda sterklega til þess að menntastefna innan fyrirtækja hafi afgerandi áhrif á hvort starfsfólk tekur þátt í sí- og/

eða endurmenntun eða ekki. Á vefsíðunni Ræktum vitið má meðal annars finna góðar leiðbeiningar um hvernig hægt er að nota ChatGPT til að sérsníða menntastefnu fyrir hvert og eitt fyrirtæki. Þetta er án efa mikill ávinningur fyrir fyrirtæki sem hafa áhuga á að huga betur að sínum fræðslumálum en fyrirtæki með virka menntastefnu geta meðal annars:

- Aukið líkur á að starfsfólk sæki sér sí- og endurmenntun.
- Aukið líkur á að draga úr mismunum á vinnumarkaði með því að tryggja öllum aðgang að fræðslu.
- Ýtt undir áhuga starfsfólks sem hefur íslensku sem annað tungumál til að læra íslensku á fjölbreyttan hátt, sem síðan leiðir til betri þjónustu og sterkari starfsgrundvallar.



Myndin var tekin við opnun vefsíðunnar Ræktum vitið þann 17. febrúar. Framkvæmdastjórn VR og SVP, Stefán Sveinbjörnsson og Benedikt S. Benediktsson, fóru yfir helstu markmið samkomulags aðila um sí- og endurmenntun og mikilvægi þess að renna fleiri stoðum undir starfsmenntamáli í verslun og þjónustu.

VIÐ RÆKTUM



Á vefsíðunni er jafnframt vakin athygli á þeim styrkjarmöguleikum sem Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) býður upp á en sjóðurinn, sem er í eigu VR/LÍV og SA, veitir starfsfólki og fyrirtækjum styrki til frekari menntunar og þjálfunar.

Með þessu verkefni vilja VR/LÍV og SVP stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn þar sem menntun er samofin rekstri fyrirtækja í verslun og þjónustu. Verkefnið Ræktum vítið er þannig ekki aðeins fjárfesting í hæfni starfsfólks heldur einnig fjárfesting í gæðum og framtíðargildi greinarinnar í heild.

GRUNNMARKMIÐ SAMSTARFSSAMNINGSSINS

Samstarfssamningurinn sem liggur að baki Ræktum vítið byggir á þremur meginmarkmiðum sem byggja á frekari hæfni, aukinni menntun og styrkja stöðu starfsfólks og fyrirtækja í greininni:

- 1. Aukin sí- og endurmenntun:** Fram til ársins 2030 er stefnt að því að 80% starfsfólks í verslun og þjónustu taki reglulega þátt í sí- eða endurmenntun sem miðar að því að auka hæfni þeirra og þekkingu.
- 2. Íslenskufærni:** Árið 2030 eiga 80% starfsfólks sem hafa íslensku sem annað tungumál að hafa náð hæfni á B1-stigi samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.
- 3. Viðurkenning og vottun:** Greinin mun þróa viðurkennda vottun eða fagbréf sem staðfesta hæfni starfsfólks og tryggja að fyrirtæki fái viðurkenningu ef 80% starfsfólks þeirra taka reglulega þátt í sí- og endurmenntun.

VINNA STÝRIHÓPSINS

Til að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd hefur stýrihópur skipaður af VR/LÍV og SVP unnið að fjölmörgum verkefnum frá því að samningurinn var undirritaður. Mikilvæg skref hafa þegar verið tekin:

- Stöðukönnun var framkvæmd í desember 2023 til að kortleggja stöðu starfsfólks og fyrirtækja með tilliti til menntunar og hæfni og er fyrirhugað að leggja fyrir aðra könnun í mars 2025.
- Málþing var haldið í mars 2024 þar sem niðurstöður fyrstu könnunarinnar voru kynntar.
- Í maí 2024 var meðal annars lögð fram aðgerðaráætlun sem byggir á niðurstöðum stöðukönnunarinnar og markmiðum samningsins. Mótun samskiptastefnu ásamt gerð vefsíðu er einnig á meðal verkefna stýrihópsins.
- Í febrúar 2025 opnaði sameiginleg vefsíða samstarfssamningsins, Ræktum vítið. [VR](#)





VINNUR ÞÚ VIÐ VERSLUN EÐA ÞJÓNUSTU?

- BS nám bætist við sérhæft framboð náms og fræðslu í greininni

„Verslunar- og þjónustugeirinn á Íslandi stendur frammi fyrir örum breytingum og síaukinni alþjóðlegri samkeppni. Með nýju sérhæfðu BS námi í verslun og þjónustu sem Háskólinn á Bifröst býður nú upp á er skólinn að bregðast við þessari þróun og styðja við fagmennsku, nýsköpun og samkeppnishæfni greinarinnar, svo íslensk verslun og þjónusta haldi áfram að vaxa og dafna,“ segir Dr. Edda Blumenstein, lektor við Háskólann á Bifröst og fagstjóri í verslunarstjórnun við skólann.

Verslun og þjónusta er ört vaxandi atvinnugrein og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk sem getur sinnt þeim fjölbreyttu og krefjandi störfum sem þar er að finna. Tækifæri í þessari atvinnugrein eru mikil fyrir félagsfólk VR, ekki síst fyrir þau sem leitast við að styrkja stöðu sína með aukinni menntun. VR hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á að efla starfsfólk í greininni og vinnur nú markvisst að því að auka þar hæfni og þekkingu. Nýtt BS nám Háskólans á Bifröst er félaginu því mikið fagnaðarefni.


Í BS námi í verslun og þjónustu við Háskólann á Bifröst verður áhersla á hagnýta þekkingu og færni og er námið eitt af áherslusviðum í viðskiptafræði við skólann. „Námið sameinar fræðilega þekkingu og hagnýta færni í rekstri og stjórnun verslunar- og þjónustufyrirtækja,“ segir Edda. „Helstu áherslupættir eru meðal annars þjónustustjórnun, birgða-, vöru- og innkaupastjórnun, sölustjórnun auk leiðtogafærni og mannauðsstjórnunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að dýpka þekkingu sína og færni í stefnumiðaðri stjórnun viðskiptatengsla (CRM), gæðastjórnun, markaðssamskiptum og auglýsingastjórnun

og stafrænum viðskiptum, sem skipta sífellt meira máli í nútíma rekstrarumhverfi.“

BS nám í verslun og þjónustu er ætlað að skapa nýja kynslóð leiðtoga í verslunar- og þjónustugreinum. „Námið veitir nemendum traustan grunn í stjórnun, rekstri og þjónustu og eflir færni þeirra til að takast á við krefjandi, fjölbreytt og spennandi störf í verslunar- og þjónustugeiranum. Með því að leggja áherslu á hagnýta nálgun og tengsl við atvinnulífið eru útskrifaðir nemendur í góðri stöðu til að sækja sér spennandi atvinnutækifæri eða taka að sér aukna ábyrgð innan verslunar- og þjónustufyrirtækja,“ segir Edda.

Edda segir námið sérsniðið til að mæta þörfum atvinnulífsins en lagt er upp með að það sé í nánú samstarfi við leiðandi fyrirtæki í greininni. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni íslenskra verslunarfyrirtækja. „Verslunar- og þjónustufyrirtæki á Íslandi þurfa hæft starfsfólk til að mæta breyttri kauphegðun neytenda og síaukinni landamæralausri samkeppni. Með því að fjárfesta í sérhæfðri menntun starfsfólks geta þau ekki aðeins styrkt samkeppnisstöðu sína, bætt þjónustuna og aukið ánægju og helgun starfsfólks, heldur einnig gripið ný tækifæri í nútíma verslun og þjónustu.“

BS nám í verslun og þjónustu kemur til viðbótar þeim námsmöguleikum sem starfsfólki í greininni stendur til boða. BS nám í verslunarstjórnun á vegum Bifrastar fellur niður með tilkomu hins nýja BS náms. Sjá nánar um námið á bifrost.is.





ÍSLENSKAN ER LYKILATRIÐI

Ewa Lizewska Beczkowska er ættuð frá Póllandi en kom hingað til lands árið 2007 í heimsókn til þáverandi kærasta síns — og þá var ekki aftur snúið. Í dag býr hún á Íslandi, er móðir 9 ára gamallar stúlku, starfar sem aðstoðarverslunarstjóri hjá Nettó og lauk Fagnámi í verslun og þjónustu undir lok árs 2024. Lokaverkefni hennar byggir á hennar eigin reynslu og fjallar um stöðu erlends starfsfólks hjá Samkaupum.

Fyrst eftir að hún kom til Íslands starfaði Ewa í þvottahúsi en fór fljótlega að starfa fyrir Samkaup þar sem hún hefur unnið síðan. Hún skráði sig í íslenskunám í kvöldskóla en leiðin lá svo í Fagnám í verslun og þjónustu við Verzlunarskóla Íslands. „Á þeim tíma hafði ég ekki hugmynd um hversu langan tíma það tæki að læra og hversu margar greinar ég þyrfti að standast, en ég náði þessu markmiði hægt og stöðugt. Ég er með efnið sem ég lærði í hausnum á mér og það eru verðmæti sem enginn getur tekið frá mér. Þetta nám gaf mér meira en ég bjóst við og ég nota þá færni og þekkingu sem ég hef aflað mér í náminu í daglegu starfi,“ segir Ewa. „Einhver sagði eitt sinn; *gerðu það sem þú elskar í lífinu og þú þarft aldrei að vinna*. Ég held að þessi ummæli lýsi fullkomlega nálgun minni á vinnu.“

TUNGUMÁLIÐ TÝNIST

Ewa ætlaði upprunalega að fjalla um streitu í lokaverkefni sínu en ákvað svo að fjalla um útlendinga og íslenska tungu undir þeim formerkjum að íslenskukunnátta sé lykilatríði. Íslenskan er í hættu, segir Ewa, hún blandast öðrum tungumálum þegar margir koma hingað í leit að betri framtíð. „Almennt auðgar það samfélagið að læra um aðra menningu, siði og jafnvel matreiðsluuppskriftir, en tungumálið týnist einhvers staðar á leiðinni. Því er oft skipt út fyrir ensku því allir kunna hana.“

Í lokaverkefni sínu lagði Ewa kannanir fyrir stjórnendur og erlent starfsfólk hjá Samkaupum. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi þess að starfsfólk skilji tungumálið sem flestir tala á vinnustaðnum. Allir stjórnendur sem svöruðu könnuninni sögðu skort á íslenskukunnáttu, eða allavega kunnáttu í ensku, vera helsta vandamálið. Hvað varðar erlent starfsfólk í könnuninni, sagðist aðeins einn af hverjum tíu svarendum upplifa sig sem hluta af samfélaginu. Án tungumálsins finnst fólk þá útilokað.

„Ég viðurkenni að íslenskan er ekki auðvelt tungumál en Íslendingar eru mjög skilningsríkir, umburðarlyndir og þolinmóðir gagnvart útlendingum. Svo hvers vegna ekki að nýta tækifærið til að þroskast og opna hugann fyrir einhverju nýju? Ég vona að mín saga verði hvatning fyrir aðra til að takast á við þá áskorun að læra íslensku, auka þekkingu sína og þróa sjálfa sig, óháð upprunalandi, aldri eða kyni. Við höfum öll sömu möguleika og erum jöfn.“ [vax](#)

UM FAGNÁM Í VERSLUN OG SKRIFSTOFU

Fagnám í verslun og þjónustu var sett á laggirnar að tilstuðlan Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks með það að markmiði að styrkja starfsfólk í verslun og þjónustu og auka hæfni þess á vinnustað. Námið var þróað í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími símenntun auk fyrirtækja í verslun og þjónustu. Námið er sérsníðið að störfum í verslun og þjónustu og getur starfsfólk fengið þekkingu sína metna samkvæmt fyrirframgreindum hæfnivíðmiðum frá vinnustað með því að fara í raunfærnimat.

Fagnám í verslun og þjónustu er alls 90 einingar á framhaldsskólastigi, þar sem bóklegir áfangar (60 einingar) og vinnustaðanámið (30 einingar) fléttast saman. Vinnustaðanámið fer fram í samvinnu við fyrirtækið sem nemendur starfa hjá og er viðurkenning á því veitt með fagbréfi. Nemendum gefst svo kostur á að ljúka fagnámi í verslun og þjónustu með tryggðar 90 einingar á framhaldsskólastigi sem nýta má áfram til stúdentsprófs hjá Verzlunarskóla Íslands.

TRÚNAÐARMAÐURINN

HALLDÓRA

GUNNARSDÓTTIR

Aldur: 60 ára

Vinnustaður: Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Hvað hefurðu unnið lengi hjá þínu fyrirtæki?

Ég byrjaði hjá Ölgerðinni 1. ágúst 2018.

Hversu lengi hefurðu verið trúnaðarmaður?

Hef verið trúnaðarmaður síðan 2020.

Hvernig fræðslu hefurðu sótt þér sem trúnaðarmaður?

Ég hef sótt nokkur stutt námskeið sem hafa verið um ýmis mál eins og hvaða réttindi fólk getur sótt hjá VR og var að skrá mig á athyglisvert námskeið í haust um faglega nálgun á erfið mál.

Finnst þér þú hafa lært eitthvað af því að vera trúnaðarmaður?

Já, maður er alltaf að læra með því að hlusta á fyrirlestra og sækja námskeið. Einnig er góð Facebooksíða fyrir trúnaðarmenn sem gagnlegt er að fylgjast með.

Hvað gerirðu í frítíma þínum?

Í frítímanum finnst mér samvera með fjölskyldunni minni vera mikilvægust. Einnig að ferðast innan- og utanlands, að sjá nýja staði og nýja menningu. Ég er aðeins að fara á skíði og fer í skemmtilegar skíðaferðir hér innanlands og nýbyrjuð að fara í skíðaferðir erlendis sem mér finnst æðislegt frí.



NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN VR

Sérstök námskeið eru í boði einungis fyrir trúnaðarmenn. Markmið þeirra er að styrkja og styðja við trúnaðarmenn í störfum sínum. Eftirfarandi námskeið eru framundan:

HLUTVERK TRÚNAÐARMANNSINS

26. mars kl. 9:00-12:00

Leiðbeinandi: Eyþór Eðvarðsson,
M.A. í vinnusálfræði og stjórnendaráðgjafi.

Fjallað er um hlutverk trúnaðarmannsins í víðu samhengi þar sem oft er leitað til þeirra með fjölbreytt mál. Farið verður yfir hvernig hægt er að nálgast flókin mál eins og einelti, samskiptaerfiðleika, álag og erfiðan starfsanda og hvert hlutverk trúnaðarmannsins og mörk eru, bæði gagnvart atvinnurekanda og samstarfsfólki.

HVAÐ GETUR ÞÚ GERT?

23. apríl kl. 9:00-12:00

Leiðbeinandi: Þorsteinn Sveinsson,
sérfræðingur á kjaramálasviði VR

Á námskeiðinu er farið yfir allt sem nær til reglugerðar nr. 1009/2015 (um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum) eins og hlutverk atvinnurekanda, skyldur starfsmanna, áætlanir á vinnustöðum, dóma og mál sem tengjast þessum málaflokki.

Öll námskeið eru haldin með blönduðu fyrirkomulagi, í sal VR á 9. hæð í Húsi verslunarinnar og á fjarfundi. Námskeiðin eru gagnvirk, með verkefnavinnu og umræðum.

Frekari upplýsingar og skráning í viðburðadagatali VR á vr.is.

JAFNRÉTTI FYRIR ÖLL Á VINNUMARKAÐI

VR hefur á undanförunum árum margt stigið inn í stærri samfélagsmál með það í huga að vekja umræðu og koma af stað breytingum. Herferðir VR um jafnrétti kynjanna hafa vakið athygli, þar nægir að nefna herferðir um þriðju vaktina og launajafnrétti kynjanna. Hjá VR er starfandi jafnréttis- og mannréttindanefnd sem lætur til sín taka á þessum mikilvæga vettvangi og að tilstuðlan hennar fer félagið nú af stað með umræðu um stöðu erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Fjórðungur launafólks á vinnumarkaði er innflytjendur og 17% félagsfólks VR eru með erlent ríkisfang. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá eru um 80 þúsund af um 400 þúsund íbúum landsins erlendir, eða um fimmtungur. Herferð VR til stuðnings erlendu félagsfólki felur meðal annars í sér sjónvarpsauglýsingu, nokkrar minni auglýsingar á samfélagsmiðlum, jólaauglýsingu og yfirgripsmikla umfjöllun á vef félagsins þar sem fjallað er um málefnið frá mörgum hliðum.

Jafnréttismálin hafa verið félaginu hugleikin áratugum saman, sama í hvaða mynd þau birtast. Tökum öll höndum saman - hvaðan sem við komum - og byggjum upp sterkt og öflugt þjóðfélag til framtíðar. Markmiðið er jafnrétti fyrir öll á vinnumarkaði.



KROSSGÁTAN

			Frí- stundar krossgátur VR-blaðið	FENGUR- INN	BRUSSU	FRÓD- LEIKS- LEITAR	HERRA- STÉTT	TRJÓNA	Frí- stundar krossgátur VR-blaðið	LÍKINGU	RÓM- VERSK TALA	ÞEFA	SPAUG- SÓM	GANGA HÆGT	BLÁSÍÐ			
			ÞOLDI							VINGS- AST	1							
			FJÖLVISA								BUNGU- LAGA ERLENDIS							
			RENNSL- INU										KOMIN Í VERÐ SAFA- PLÖNTU					
HEIM- SÓKN										ILÁTI MED HAND- FANGI OG STÚT KAUP		2						
Frí- stundar krossgátur VR-blaðið	GRIPA- STOFN	↓	SPIKNEF	RÚSSA- KEISARI	MANN- NAFN BREYTT			FÓÐRA HALLANDI				SKÁN SKEGG						
DJÚP- RÓDD- INNI	5						KART- ÓFLU- FLOGUM MANN- NAFN							KVEN- DYRÍÐ	KOMU Á STADINN			
YFIR- HÖFNIN						FYRIR- FERÐ	DÆMD Í FYLGD			KRINGUM AFURÐ								
FJÓS- RENN- UNNI							LÆSING- UNNI JÖTUNN			4			FER Í RÓÐUR ÍÞRÓTTA- SAMTÖK					
TÆRA Í SUNDUR				FRÁ BANDA- RIKJUNUM BÓK- STAFUR						FLEYGI- FERÐ ÞAKHÆÐ								
Frí- stundar krossgátur VR-blaðið	STEIG	↓	FÉKK Í ARF REGLU- FESTA				SAND- HÖLMÍ Í VATNI BORD- ANDI						HVÍLDI FUGLUM					
NEMA STAÐAR						FALLEGRI FJALLS- MULA						ÁGÆTU NÖLDUR						
ÆTT- GÖFGI			3		EKKERT HAGN- AÐUR		6			LÍTA KEPPNIS- STUND				RÆKT- ARLAND- ANNA	GRÓSKU- MIKIÐ	GLÖGG- ARI		
SKAMM- VINNRI SNJÓ- KOMU				TÁLBITI ÞRIFINNA			LEDJA REIÐI- HLJÓÐ				SVALIR SÁU							
Frí- stundar krossgátur VR-blaðið	ORSAK- AÐIR	↓	VIND- SVEIP LÆÐAN		7		JÁRN- HNÓTTUR HNAPPUR											
SEMJIÐ						GOTT EDLI GLAUM- GOSA			FISKS SKRAPAÐ									
ÖHREIN						Á LITINN FISKINET				8		EINKENNI UNG STÚLKA						
DVERG- HÖG						ÞERNUM RYKAGNIR							BIBLÍU SKIÐ- STJÓRA KYRRÐ					
SPRIKLAR					MANN- NAFN						FULL- MIKLIR							
ROMSA					ÞÁTTUR		9				SEFADI							

VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: **Álftafjörður**.

Vinningshafli krossgátunnar í síðasta blaði var **Sigrún B. Sveinsdóttir** sem starfar hjá verktakafyrirtækinu Eykt ehf.

VR óskar Sigrúnu til hamingju.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið.

Skilafrestur er til 2. apríl 2025. Utanáskriftin er: VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is.

SUDOKU ÞRAUT

Sudoku byggist á því að klára að fylla út 9x9 ytri grind með tölum frá 1 upp í 9 þannig að hver tala komi aðeins fyrir einu sinni í hverri röð, hverjum dálki og hverri 3x3 innri grind.

9			1					
	6	3						
4	2	1			7			
	4		2		3	6		1
	7					5		
2								4
3	9			7				
								6
			3	1		8	2	

							4	
			1	8	3	9		
		5					2	
		7		9	5			
			6				1	8
	5							2
		9			8	3		7
					2		8	
3								6

2					3	8	5	
	7						6	4
			5					
		4				1		
3	1				9			7
						6	8	
		9	3		6			
			7		8			2
			9	5				

	5						1	
	3	8	7	2				
		1				8		3
			4			9		
	1					4		
		4			9			6
	2				3	6		
			5		2		4	8
								9

**NÁÐU Í
SPARA
APPIÐ!**



Spára
**FJÖLDI
TILBOÐA
FYRIR VR
FÉLAGA**

**2 fyrir 1
af mánaðaráskrift**

**Guide to Europe
100.000 kr
ferðainneign**

**10% afsláttur
hjá Pingpong**

Taktu þátt í könnun VR og þú gætir unnið gjafakort eða iPhone 16

Nýttu tækifærið til að hafa áhrif

Þátttaka þín í könnun VR um **Fyrirtæki ársins** er mikilvæg, bæði fyrir þig og annað starfsfólk. Það er þitt að segja stjórnendum hvað er vel gert og hvað má betur fara.



Þú getur tekið þátt á [Mínum síðum á vr.is](#)